

**Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi X.  
Gagnagrunnur Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar**

**RH-13-2013**

Eydís Salome Eiríksdóttir<sup>1</sup>, Sigurður Reynir Gíslason<sup>1</sup>, Árni Snorrason<sup>2</sup>,  
Jórunn Harðardóttir<sup>2</sup>, Svava Björk Þorláksdóttir<sup>2</sup>, Árný E. Sveinbjörnsdóttir<sup>1</sup> og  
Rebecca A. Neely<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugata 1, 101 Reykjavík.

<sup>2</sup>Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 7-9, 150 Reykjavík.



**Júní 2013**

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
1.1 Tilgangur .....	5
1.2 Fyrri efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir Austurlandi .....	5
2. AÐFERÐIR.....	7
2.1 Sýnataka .....	7
2.2 Meðhöndlun sýna .....	8
2.3 Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu .....	9
3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA.....	11
3.1 Niðurstöður úr einstökum vatnsföllum .....	13
3.1.1 Háslón og Ufsarlón. ....	13
3.1.2 Jökulsá á Dal við Brú og Hjarðarhaga.....	16
3.1.3 Jökulsá í Fljótsdal við Hól. ....	17
3.1.4 Affallsskurður við Fljótsdalsstöð. ....	18
3.1.5 Fellsá við Sturluflöt. ....	19
3.1.6 Lagarfljót við Lagarfoss.....	20
3.2 Samsætur. ....	21
3.3 Svifaur .....	22
3.3.1 Efnasamsetning svifaurs.....	22
3.3.2 Framburður svifaurs .....	23
3.4 Héraðsflói.....	25
ÞAKKARORÐ .....	28
HEIMILDIR .....	29

## TÖFLUR

Tafla 1. Meðalefnasamsetning vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi, 2007 – 2011.....	34
Tafla 1 frh. Meðalefnasamsetning vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi, 2007 – 2011.....	35
Tafla 2. Árlegur framburður vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi á árunum 2007 - 2011.....	37
Tafla 3a. Styrkur uppleystra aðalefna, lífræns kolefnis, lífræns niturs í ám Austurlandi 2011. ....	38
Tafla 3b. Styrkur svifaurs, næringarsalta og snefilefna á Austurlandi 2011.....	39
Tafla 4. Styrkur uppleystra efna og svifaurs í Háslóni og Ufsarlóni.....	41
Tafla 5. Styrkur uppleystra efna og svifaurs í Jökulsá á Dal við Brú .....	49
Tafla 6. Styrkur uppleystra efna og svifaurs í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga.....	53
Tafla 7. Styrkur uppleystra efna og svifaurs í Jökulsá á Fljótsdal við Hól.....	59
Tafla 8. Styrkur uppleystra efna og svifaurs úr frárennslisskurði við Fljótsdalsvirkjun.....	65
Tafla 9. Styrkur uppleystra efna og svifaurs úr Fellsá við Sturluflöt. ....	69
Tafla 10. Styrkur uppleystra efna og svifaurs úr Lagarfljóti við Lagarfoss.....	75
Tafla 11a. Samsætur kolefnis, súrefnis og vetnis í völdum sýnum af Austurlandi. ....	80
Tafla 11b. Samsætur kolefnis í völdum sýnum af Austurlandi.....	81
Tafla 12a. Efnasamsetning svifaurs .....	84
Tafla 12a frh. Efnasamsetning svifaurs .....	85
Tafla 12b. Efnasamsetning svifaurs .....	86
Tafla 12c. Efnasamsetning svifaurs .....	87
Tafla 13. Framburður efna sem falla til sjávar sem fastar agnir.....	91
Tafla 14. Styrkur uppleystra efna og lífræns svifaurs í Héraðsflóa.....	92
Tafla 15. Næmi efnagreininga á uppleystum efnum og hlutfallsleg skekkja. ....	95

## Myndir

Mynd 1. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu.....	6
Mynd 2. Kort af Héraðsflóa með sýnatökustöðum.....	26
Mynd 3. Árósar Jökulsár á Dal og Lagarfljóts árið 2000 og 2012.....	26
Mynd 4. Styrkur nokkurra mældra þátta í Ufsarlóni og Háslóni .....	42
Mynd 5. Styrkur nokkurra mældra þátta í Ufsarlóni og Háslóni .....	43
Mynd 6. Efnastyrkur uppleystra efna í Háslóni í ágúst 2008. ....	44
Mynd 7. Efnastyrkur uppleystra efna í Háslóni í ágúst 2008. ....	45
Mynd 8. Efnastyrkur uppleystra efna í Háslóni í ágúst 2008. ....	46
Mynd 9. Samsætur kolefnis, súrefnis og vetnis og reiknaður aldur í Háslóni 2008.....	47
Mynd 10. Hitastig, rennsli og styrkur uppleystra efna og svifaurs í Jökulsá á Dal við Brú.....	50
Mynd 11. Styrkur uppleystra snefilefna í Jökulsá á Dal við Brú.....	51
Mynd 12. Breytileiki í rennsli, styrk svifaurs og uppleystra efna í Jökulsá á Dal, Hjarðarh.....	54
Mynd 13. Breytileiki í styrk uppleystra efna í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga.....	55
Mynd 14. Áhrif rennslis á styrk svifaurs og uppleystra efna í Jökulsá á Dal við Hjarðarh.....	56
Mynd 15. Áhrif rennslis á styrk svifaurs og uppleystra efna í Jökulsá á Dal við Hjarðarh.....	57
Mynd 16. Breytileiki í styrk svifaurs og uppleystra efna í Jökulsá í Fljótsdal við Hól.....	60
Mynd 17. Breytileiki í styrk uppleystra efna í Jökulsá í Fljótsdal við Hól.....	61
Mynd 18. Áhrif rennslis á styrk svifaurs og uppleystra efna í Jökulsá í Fljótsdal við Hól.....	62
Mynd 19. Áhrif rennslis á styrk uppleystra efna í Jökulsá í Fljótsdal við Hól.....	63
Mynd 20. Breytileiki í styrk svifaurs og uppleystra efna í frárennslisskurði frá Fljótsdalsv.....	66
Mynd 21. Breytileiki í styrk uppleystra efna í frárennslisskurði frá Fljótsdalsvirkjun.....	67
Mynd 22. Breytileiki í styrk uppleystra efna og svifaurs í Fellsá við Sturluflöt.....	70
Mynd 23. Breytileiki í styrk uppleystra efna og svifaurs í Fellsá við Sturluflöt.....	71
Mynd 24. Áhrif rennslis á styrk svifaurs og uppleystra efna í Fellsá við Sturluflöt.....	72
Mynd 25. Áhrif rennslis á styrk uppleystra efna í Fellsá við Sturluflöt.....	73
Mynd 26. Breytileiki í styrk uppleystra efna og svifaurs í Lagarfljóti við Lagarfoss.....	76
Mynd 27. Breytileiki í styrk uppleystra efna í Lagarfljóti við Lagarfoss.....	77
Mynd 28. Áhrif rennslis á styrk uppleystra efna í Lagarfljóti við Lagarfoss.....	78
Mynd 29. Áhrif rennslis á styrk uppleystra efna í Lagarfljóti við Lagarfoss.....	79
Mynd 30. Samsætur kolefnis sem mældar voru í sýnum frá 2003.....	81
Mynd 31. Hlutfall súrefnis og vetnis samsætna á Austurlandi 2008 - 2012.....	82
Mynd 32. Mælingar á <sup>18</sup> O og Deuterium frá árunum 2003 og 2007-2012.....	82
Mynd 33. Efnasamsetning svifaurs, staðlað með meðalefnasamsetningu óveðraðs bergs á hverju vatnasviði.....	88
Mynd 34. Efnasamsetning svifaurs í Lagarfljóti árið 2000 og 2008-2010, staðlaður á efnasamsetningu móðurbergs á óröskuðu vatnasviði Lagarfljóts. ....	88
Mynd 35. Efnasamsetning svifaurs á móti kornastærð úr Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga.....	89
Mynd 36. Efnasamsetning svifaurs sem fall af tíma.....	90
Mynd 37. Breyting á samanlögðum framburði efna í föstum ögnum fyrir og eftir virkjun.....	91
Mynd 38. Styrkur uppleystra efna í sýnum úr Héraðsflóa.....	90
Mynd 39. Styrkur uppleystra efna í sýnum úr Héraðsflóa.....	91



# 1. INNGANGUR

## 1.1 Tilgangur

Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar árið 2007 voru tvær vatnsmestu ár Austurlands virkjaðar með tilheyrandi breytingum á vatnafari. Tilgangurinn með þeim rannsóknum sem hér er greint frá er að skilgreina rennsli og styrk uppleystra og fastra efna í straumvötnum á vatnasviði Lagarfljóts, Jökulsár á Dal, Jökulsár í Fljótsdal og Fellsár eftir að framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun var lokið og raforkuvinnsla hófst. Niðurstöðurnar gefa hugmynd um breytingar vegna vatnsflutninga í tengslum við virkjunina á framburð uppleystra og fastra efna.

Fellsá er ótrufluð af mannavöldum og endurspeglar náttúrulegar sveiflur í efnisflutningum og er því mikilvæg til samanburðar rannsóknunum sem gerðar verða á straumvötnum sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni.

Í þessari áfangaskýrslu verður greint frá niðurstöðum sýnasöfnunar sem fór fram á árunum 2007 – 2012. Áður hefur verið gert grein fyrir hluta þeirra gagna sem hér birtast (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2009, 2010, 2011a, 2012). Þessi rannsókn er framhald af viðamikilli rannsókn sem fór fram á árunum 1998 – 2003 sem miðaði að því að skilgreina náttúrulegt ástand vatnsfallanna áður en framkvæmdirnar við virkjun hófust (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2004).

Á rannsóknartímabilinu 2007 – 2012 hefur hefur 159 sýnum verið safnað á eftirfarandi stöðum (1. mynd); Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, Jökulsá á Dal við Brú, Jökulsá í Fljótsdal við Hól, útfallskurður úr Fljótsdalsvirkjun, Fellsá við Sturluflöt, Lagarfljót við Lagarfoss, Háslóni og Ufsarlóni. Árið 2012 voru farnar 8 söfnunarferðir á fjóra af þessum stöðum; Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, útfallsskurðinn úr Fljótsdalsvirkjun, Fellsá við Sturluflöt og Lagarfljót við Lagarfoss og 32 sýnum var safnað. Einnig var fjórum sýnum safnað af mismunandi dýpi úr Háslóni og eins var 18 sýnum safnað af vatni og aur úr Héraðsflóa og ósi Lagarfljóts og Jökulsá á Dal með það að markmiði að meta áhrif ferskvatnsíblöndunar á efnasamsetningu strandsjávarins.

Verkefnið er unnið til að meta áhrif virkjana norðan Vatnajökuls og er kostað af Landsvirkjun. Það hefur víðtækt vísindalegt gildi vegna þess hve margir þættir eru athugaðir samtímis.


## 1.2 Fyrri efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir Austurlandi

Efnasamsetning vatns og svifaura, efnaframburður, efnalyklar, kolefnisbinding, aflrænt rof og efnahvarfarof hefur verið rannsökuð í Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði, Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, Jökulsá á Dal við Brú, Jökulsá í Fljótsdal við Hól, Fellsá við Sturluflöt, Grímsá við brú, Lagarfljót við Lagarfoss og Fjarðará í Seyðisfirði ofan virkjunar, fyrir tímabilið nóvember 1998 til nóvember 2003 (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2004). Gögn sem safnað var á rannsóknartímabilinu 1998 – 2003 hafa verið notuð til ýmissa mismunandi

rannsóknna, s.s. á uppruna kolefnisframburðar af Íslandi (Marin I Kardjilov o.fl. 2006; Marin I Kardjilov, 2008), á aflrænni veðrun og -rofi og efnahvarfaveðrun og -rofi á Austurlandi (Eydís S. Eiríksdóttir o.fl. 2008; Louvat o.fl. 2008), áhrif svifaurs á kolefnishringrásina á jörðinni (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2006) og áhrif loftslags á efnahvarfarof og samspil efnahvarfaveðrunar og loftslags á jörðinni (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2009). Gögn úr rannsókninni hafa einnig verið notuð til að rannsaka áhrif rennslis annars vegar og hitastigs hins vegar, á hraða efnahvarfaveðrunar (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2011b, 2013). Þá hafa áhrif aurframburðar vatnsfallanna hefur einnig verið könnuð með tilliti til áhrifa á efnasamsetningu og samsætuhlutföll sjávar (Oelkers o. fl. 2011, 2012; Jones o.fl. 2012).

Styrkur uppleystra efna í vatnsföllum á Íslandi var kortlagður út frá fyrirbyggjandi gögnum, þ.á.m. gögnum frá rannsókninni frá 1998 til 2003 á Austurlandi (Sigríður M. Óskarsdóttir o.fl. 2011).

Viðamikil gögn eru til um aurburð straumvatna á Austurlandi og um heildarmagn uppleystra efna í ánum (Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 1996; Haukur Tómasson o.fl. 1996; Svanur Pálsson o.fl. 2000; Hákon Aðalsteinsson 2000; Jórunn Harðardóttir og Ásgeir Gunnarsson 2001; 2002a; 2002b; VST og Orkustofnun 2002; Jórunn Harðardóttir o.fl. 2003).



Mynd 1. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu. Sýnatökustaðir er merktir með hvítum hring. Ekki var safnað úr Fjarðará eða Grímsá í núverandi rannsókn. Sýnum var einnig safnað úr Hérðasflóa (sjá mynd 2).

## 2. AÐFERÐIR

### 2.1 Sýnataka

Sýnum til efnarannsóknna var safnað úr meginál ána þar sem mestar líkur voru á fullri blöndun. Safnað var af brú úr Jökulsá á Dal en af bakka úr Fellsá, Lagarfljóti og úr frárennslis skurðinum við Fljótisdalsvirkjun. Vatni var safnað úr straumvötnum með plastfötu og hellt í 5 l brúsa. Áður höfðu fatan og brúsarnir verið skoluð vandlega með árvatninu. Vatni úr Háslóni og Ufsarlóni var safnað með 5 lítra Niskin safnara á mismunandi dýpi. Sýnunum var safnað eftir að vatn hafði runnið í nokkurn tíma í gegn um safnarann til hreinsunar. Hitastig var mælt með „thermistor-“mæli. Fyrir kom að ekki var hægt að taka sýni af brú Jökulsár á Dal vegna íss undir brúnni, en þá var tekið af bakka eins nálægt brúnni og hægt var.

Sýni til aurburðarrannsóknna voru tekin með aurburðar sýnataka úr meginál ána þannig að sýnið endurspeglaði aurburð frá yfirborði til botns í ánni. Tvenns konar sýnatakar voru notaðir við aurburðarsýnatöku á Austurlandi. Við venjulegar aðstæður var aurburðarfiskur á spili (S49) notaður í sýnatöku við Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga en handsýnataka á stöng (DH48) notaður við Lagarfoss, Fellsá og útfall úr Kárahnjúkavirkjun. Handsýnatakinn var einnig notaður ef ís var undir brúnni við Hjarðarhaga.

Sýni til mælinga á lífrænum svifaur (POC) var tekið með sama hætti og fyrir ólífrænan aurburð. Það var ávallt tekið eftir að búið var að taka sýni fyrir ólífrænan aurburð. Sýninu var safnað í sýrupvegna aurburðarflöskur sem höfðu verið þvegnar á tilraunastofu í 4 klst. í 1 N HCl sýru. Flöskurnar voru merktar að utan, en ekki með pappírsmarki inni í flöskuhálsinum eins og tíðkast fyrir ólífrænan aurburð.

Svifaur sýni til rannsókna á efnasamsetningu, steindasamsetningu og yfirborði aurburðar í útfallsskurði úr Kárahnjúkavirkjun og Lagarfljóti voru tekin með plastfötum. Uppleyst súrefni í Háslóni var mælt árið 2011 og 2012 með Sondu Veiðimálastofnunar sem nýlega hafði verið yfirfarin. Sondan tekur tillit til hitastigs og þrýstings við mælingu á uppleystu súrefni.

Á rannsóknartímabilinu 2008 – 2012 hefur verið farið í sex söfnunarleiðangra í Háslón og þrjá í Ufsarlón (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2012). Árið 2008 var farið í tvo leiðangra í Háslón, í maí og ágúst. Safnað var í gegnum ís í fyrri leiðangrinum (hnit N64°56.404' A15°47.541') en siglt á sýnatökustaðinn (N65°14,74' A49°72,40') í ágústferðinni. Þá var sýnum safnað af mismunandi dýpi til að rannsaka lagskiptingu lónsins. Árin 2011 og 2012 var aftur tekinn hitaprófíll á svipuðum stað og í ágúst 2008 (N65°14,74' A49°72,40') og þá var sýnum safnað á mismunandi dýpi úr Háslóni. Veðurfar var óhagstætt í Háslónssöfnuninni 2012, norðan hvassviðri og kalt. Það gerði alla vinnu mjög erfiða en vindinn lægði undir lokin þannig að hægt var að ljúka söfnuninni.

Í september 2012 var siglt frá Borgarfirði Eystri yfir í Héraðsflóa á fiskibátum Emil með gúmmibát í eftirdragi. Í Héraðsflóa var svo siglt á gúmmibátum meðfram ströndinni

og sýnum af mismunandi seltustigi safnað til að meta afdrif uppleystra efna sem berast til sjávar með vatnsföllunum. Sýni voru tekin beint í 10 lítra brúsa úr yfirborði, hitastig og leiðni mæld. Sýnin voru svo meðhöndluð þegar komið var í land. Reynt var að ná í setsýni af botninu en vegna mikilla strauma var botninn mjög þéttþakkaður og ekki hægt að ná neinu sýni. Þó komu upp nokkur sandkorn sem voru fremur gróf. Þarna var enginn eðja þannig að ljóst er að fínkornótta setið helst í upplaun og sest til fjær ósunum. Ætlunin var að sigla upp í ósinn og freista þess að ná í sýni af minni seltu en það var ekki talið öruggt sökum straums, öldugangs, þrátt fyrir lygnan sjó, og sandrifs í ósnum.

## 2.2 Meðhöndlun sýna

Sýni til rannsókna á uppleystum efnum voru meðhöndluð strax á sýnatökustað. Vatnið var síað í gegnum sellulósa asetat-síu með 0,2  $\mu\text{m}$  porustærð. Þvermál síu var 142 mm og Sartorius® („in line pressure filter holder, SM16540“) síuhaldari úr tefloni notaður. Sýninu var þrýst í gegnum síuna með „peristaltik“-dælu. Slöngur voru úr sílikoni. Síur, síuhaldari og slöngur voru þvegnar með því að dæla a.m.k. einum lítra af árvatni í gegnum síubúnaðinn og lofti var hleypt af síuhaldara með þar til gerðum loftventli.

Áður en sýninu var safnað voru sýnaflöskurnar þvegnar þrisvar sinnum hver með síuðu árvatni. Fyrst var vatn sem ætlað var til mælinga á reikulum efnum, pH, leiðni og basavirkni, síað í tvær dökkar, 275 ml og 60 ml, glerflöskur. Var dæluslangan látin ná í botn á glerflöskunum og fyllt frá botni og upp.

Næst var safnað í 1000 ml HDPE flösku til mælinga á brennisteinssamsætum. Síðan var vatn síað í 190 ml HDPE flösku til mælinga á styrk anjóna. Þá var safnað í tvær 125 ml HDPE sýruþvegnar flöskur til snefilefnagreininga. Þessar flöskur voru sýruþvegnar af rannsóknaraðilanum ALS Scandinavia, sem annaðist snefilefnagreiningarnar og sumar aðalefnagreiningar. Út í þessar flöskur var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru í lok söfnunar á hverjum stað.

Þá var síuðu árvatni safnað á fjórar sýruþvegnar 20 ml plastflöskur. Flöskurnar voru þvegnar með 1 N HCl fyrir hvern leiðangur. Ein flaska var ætluð fyrir hverja mælingu eftirfarandi næringarsalta;  $\text{NO}_3$ ,  $\text{NO}_2$ ,  $\text{NH}_4$ ,  $\text{PO}_4$ . Sýni til mælinga á  $\text{NH}_4$  var sýrt með 0,5 ml af þynntri (1/100) brennisteinssýru. Sýran sem notuð var í sýni frá árinu 2011 reyndist menguð og var  $\text{NH}_4$  því mælt úr ósýrðum sýnum sem höfðu verið geymd í frysti. Árið 2012 voru  $\text{NH}_4$  sýnin ekki sýrð. Vatn ætlað til mælinga á heildarmagni á lífrænu og ólífrænu uppleystu köfnunarefni ( $\text{N}_{\text{total}}$ ) var síað í sýruþvegna 100 ml flösku. Þessi sýni voru geymd í kæli söfnunardaginn en fryst í lok hvers dags.

Sýni til mælinga á DOC var síað eins og önnur vatnssýni. Það var síað í 30 ml sýruþvegna polycarbonate flösku. Sýrulausnin (1 N HCl) stóð a.m.k. 4 klst. í flöskunum fyrir söfnun, en þær tæmdar rétt fyrir leiðangur og skolaðar með afjónuðu vatni. Þessi sýni voru sýrð með 0,4 ml af 1,2 N HCl og geymd í kæli þar til þau voru send til Svíþjóðar þar sem þau voru greind.

Aurburðarflöskur sem notaðar voru til söfnunar á POC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru áður en farið var í söfnunarleiðangur, sem og allar flöskur og sprautur sem komu í snertingu við sýnin fyrir POC og DOC.

Sýnum til greininga á kolefnissamsætum var síað í 1 líters, brúnar glerflöskur. Sýninu var dælt úr söfnunarbrúsanum frá botni glerflöskunnar og upp til að sem minnst samskipti væru á milli lofts og vatns. Að lokinni söfnun voru settir fimm dropar af HgCl<sub>2</sub> til að drepa hugsanlegar lífverur úr sýninu. Sýnum til mælinga á súrefnis- og vetnissamsætum var safnað í 60 ml brúnar glerflöskur, frá botni og upp.

Sýni úr Héraðsflóa voru meðhöndluð þegar komið var í land, daginn eftir söfnun. Þau voru síuð eins og lýst hefur verið hér að framan og afgangurinn geymdur til að hægt væri að meta magn svifaus í þeim. Það var gert með því að einangra setið með síun og skilvindun og síðar frostþurrkun. Þeirri vinnu hefur ekki verið lokið að svo stöddu.

## 2.3 Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu

Sýni voru efnagreind á Jarðvísindastofnun, ALS Global í Luleå í Svíþjóð, Umeå Marine Sciences Center, í Umeå í Svíþjóð, við Stokkhólmsháskóla og Háskólann í Árósum. Samsætur kísils, járns og molibdeums verða greindar í völdum sýnum við Oxford og Durham háskóla.

**2.3.1 Uppleyst efni.** Basavirkni („alkalinity“), leiðni og pH var mælt með titrun, rafskauti og leiðnimæli á Raunvísindastofnun að loknum sýnatökuleiðangri. Endapunktur titrunar var ákvarðaður með Gran-falli (Stumm og Morgan, 1996).

Aðalefni og snefilefni voru mæld af Analytica með ICP-AES, ICP-MS („Inductively Coupled Argon Plasma with Atomic Emission Spectrometry or Mass Spectrometry“) og atómljómun; AF (Atomic Fluorescence). Anjónirnar; flúor, klór og sulfat voru mæld með anjónaskilju (IC2000) á Jarðvísindastofnun. Kalíum (K) var greint með ICP-AES en þegar styrkur þess var undir greinarmörkum aðferðarinnar og var kalíum mælt með katjónaskilju á Jarðvísindastofnun.

Næringarsöltin NO<sub>3</sub>, PO<sub>4</sub> og N<sub>total</sub> voru efnagreind með jónaskilju (IC2000) en NH<sub>4</sub> og NO<sub>2</sub> voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli („autoanalyzer“). Sýni til mælinga á N<sub>total</sub> voru geisluð í kísilstautum útfjólubláu ljósi til að brjóta niður lífrænt efni í sýnunum. Fyrir geislun voru settir 0,17 µl af fullsterku vetnisperoxíði og 1 ml af 1000 ppm bórsýrubuffer (pH 9) í 11 millilítra af sýni. Þessi sýni voru greind innan tveggja daga eftir geislun.

Heildarmagn uppleysts kolefnis (DOC) var mælt í Umeå Marine Sciences Center í Umeå í Svíþjóð á Shimadzu TOC-L kolefnisgreini.

Sýni til mælinga á brennisteinssamsætum voru látin seytla í gegnum jónaskiptasúlu með sterku „anjóna-jónaskiptaresini“ og sendar til Peter Torssander í Stokkhólmsháskóla til greiningar.

Samsætur kolefnis voru mældar á rannsóknarstofu á eðlisfræðeild Háskólans í Árósum en samsætur vetnis og súrefnis voru mældar á massagreini Jarðvísindastofnunar.

**2.3.2 Svifaur.** Magn svifaurs og heildarmagn uppleystra efna ( $TDS_{m\ddot{a}lt}$ ) var mælt á Orkustofnun samkvæmt staðlaðri aðferð (Svanur Pálsson og Guðmundur Vigfússon 2000).

Sýni til mælinga á lífrænum aurburði (POC, Particle Organic Carbon og PON, Particle Organic Nitrogen) sem tekin voru í sýruþvegnu aurburðarflöskurnar, voru síuð í gegnum glersíur með  $0,7\mu m$  porustærð. Glersíurnar og álpappír sem notaður var til þess að geyma síurnar í voru „brennd“ við  $450\text{ }^\circ\text{C}$  í 4 klukkustundir fyrir síun. Síuhaldarar og vatnssprautur sem notaðar voru við síunina voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl. Allt vatn og aurburður sem var í aurburðarflöskunum var síað í gegnum glersíurnar og magn vatns og aurburðar mælt með því að vigta flöskurnar fyrir og eftir síun. Síurnar voru þurrkaðar í álumslögum við um  $50\text{ }^\circ\text{C}$  í einn sólarhring áður en þær voru sendar til Umeå Marine Sciences Center í Svíþjóð þar sem þau voru efnagreind á Carlo Erba 1108 frumefnagreini.

Safnað var 60 – 90 lítrum af vatni og svifaur á völdum stöðum. Það sýni voru ætluð til rannsókna á efna- og steindasamsetningu, sem og til yfirborðsrannsókna. Svifaurssýnin frá árinu 2008 voru síuð með svokallaðri „tangential filtration“ tækni (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2004), sett í skilvindu og frostþurrkuð. Að því loknu voru svifaurssýnin send til efnagreiningar til Analytica ALS í Svíþjóð. Svifaurssýnin frá 2009 til 2012 voru sett í stóra skilvindu með það að markmiði að einangra aurinn frá vatninu. Sýnunum var snúið á 9000 RPM í 10 mínútur. Þá var hreinu vatninu hellt af þeim og þess gætt að hella ekki svifaurnum með, en hann hafði sest á botn á glasinu. Þá var meira sýni (vatn + svifaur) sett í skilvinduglasið og þeytt aftur. Þetta var gert svo lengi sem eitthvað sýni var til og alltaf bættist meira og meira af svifaur í skilvinduglasið. Að síðustu voru dreggjarnar frystar og frostþurrkaðar yfir nótt. Eftir stóð svo þurrt svifaurssýni sem var tilbúið til efnagreininga sem gerðar voru af ALS Scandinavia í Luleå í Svíþjóð.

### 3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

Niðurstöður þeirra mælinga sem gerðar hafa verið er að finna í töflum 1 til 11 og á myndum 4 til 35.

- Í töflu 1 er gert grein fyrir meðalstyrk uppleystra efna og svifaurs á rannsóknartímabilinu. Til samanburðar er sambærilegur styrkur vatnsfallanna frá rannsóknartímabilinu 1998 til 2003.
- Í töflu 2 er árlegur framburður vatnsfallanna (jafna 1) á árunum 2007 – 2012 sýndur ásamt eldri framburðartölum fyrir sömu vatnsföll á árunum 1998 – 2003. Framburðarreikningar sem byggja á meðalrennsli og efnalyklum vatnsfallanna (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2009) sambærilegir við framburð sem reiknaður er með jöfnu 1.
- Í töflum 3a og 3b er gert grein fyrir öllum sýnunum sem aflað var á árinu 2012, í tímaröð.
- Í töflum 4 til 13 eru niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið á tímabilinu 2009-2012 flokkaðar eftir vatnsföllum, lónum og Héraðsflóa til að einfalda samanburð á milli þeirra.
- Í töflu 11 er gerð grein fyrir samsætum kolefnis í völdum sýnum .
- Í töflum 12a og 12b eru niðurstöður mælinga á efnasamsetningu svifaurs vatnsfallanna.
- Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Héraðsflóa og ósum Jókulsár á Dal og Lagarfljóts eru í töflu 13.
- Næmi efnagreiningaraðferða er sýnd í töflu 14. Þegar styrkur efna mælist minni en næmi efnagreiningaraðferðarinnar er hann skráður sem minni en (<) næmið sem sýnt er í Töflu 13.

Niðurstöður mælinga úr hverju vatnsfalli eru einnig sýndar myndrænt á eftir gagnasafni hvers vatnsfalls. Fyrst er gert grein fyrir árstíðabundnum breytingum á styrk uppleystra efna og svifaurs. Þá koma myndir sem sýna áhrif rennslis á styrk uppleystra efna og svifaurs. Gögnin frá 1998 – 2003 eru sýnd með opnum hringjum en nýju gögnin (fylltir hringir) sem aflað var eftir virkjun sett ofan á þau til að geta betur gert sér grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa eftir að virkjunarframkvæmdum lauk.

Árlegur framburður straumvatna,  $F$ , (Tafla 2) er reiknaður með eftirfarandi jöfnu eins og ráðlagt er í viðauka 2 við Óslóar- og Parísarsamþykktina (Oslo and Paris Commissions, 1995: Implementation of the Joint Assessment and Monitoring Programme, Appendix 2, Principles of the Comprehensive Study on Riverine Inputs, bls. 22-27):

$$F = \frac{Q_r * \sum_{i=1}^n (C_i Q_i)}{\sum_{i=1}^n Q_i} \quad (1)$$

Þar sem  $C_i$  er styrkur aurburðar eða uppleystra efna fyrir sýnið  $i$  (mg/kg),  $Q_i$  er rennsli straumvatns þegar sýnið  $i$  var tekið ( $m^3/sec$ ),  $Q_r$  er langtímameðalrennsli fyrir vatnsföllin ( $m^3/sec$ ),  $n$  er fjöldi sýna sem safnað var á tímabilinu.

Leiðni og pH vatns er hitastigsháð, þess vegna er getið um hitastig vatnsins þegar leiðni og pH voru mæld á rannsóknarstofu (Tafla 1, Ref. T °C). Styrkur svifaus er gefinn upp sem mg svifaur í lítra vatns (mg/l), styrkur uppleystra aðalefna í millimólum í hverju kílóí vatns (mM), styrkur snefilefna sem míkrómól ( $\mu M$ ) eða nanómól í lítra vatns (nM). Basavirkni, skammstöfuð Alk („Alkalinity“) í Töflu 1 er gefin upp sem „milliequivalent“ í kílógrammi vatns. Það jafngildir því magni af sýru ( $H^+$ ) sem vatnið tók við án þess að missa búffer eiginleika sína. Það er í réttu hlutfalli við það magn kolefnis sem er í vatninu. Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis (Dissolved Inorganic Carbon, DIC) er gefið sem millimól C í kílóí af vatni í Töflu 1. Styrkur DIC var reiknaður samkvæmt eftirfarandi jöfnu, út frá mælingum á pH, hitastigi sem pH-mælingin var gerð við, basavirkni og styrk kísils. Gert er ráð fyrir að virkni („activity“) og efnastyrkur („concentration“) sé eitt og hið sama.

$$DIC = 1000 * \frac{Alk - \frac{K_w}{10^{-pH}} - \frac{Si_T}{\left(\frac{10^{-pH}}{K_{Si}} + 1\right)}}{\left(\left(\frac{10^{-pH}}{K_1} + 1 + \frac{K_1}{10^{-pH}}\right) + 2\left(\frac{(10^{-pH})^2}{K_1 K_2} + \frac{10^{-pH}}{K_2} + 1\right)\right)} \quad (2)$$

$K_1$  er hitastigsháður kleyfnistuðull kolsýru (Plummer og Busenberg 1982),  $K_2$  er hitastigsháður kleyfnistuðull bíkarbónats (Plummer og Busenberg 1982),  $K_{Si}$  er hitastigsháður kleyfnistuðull kísilsýru (Stefán Arnórsson o.fl. 1982),  $K_w$  er hitastigsháður kleyfnistuðull vatns (Sweeton o.fl. 1974) og  $Si_T$  er mældur styrkur Si í sýnunum (Töflur 4, 5 og 6). Allar styrktölur eru í mólum á lítra nema „alkalinity“ sem er í „equivalentum“ á lítra. Þessi jafna gildir svo lengi sem pH vatnsins er lægra en 9 og heildarstyrkur uppleystra efna (TDS) er minni en u.þ.b. 100 mg/l. Við hærra pH þarf að taka tillit til fleiri efnasambanda við reikningana og við mikinn heildarstyrk þarf að nota virknistuðla til að leiðrétta fyrir mismun á virkni og efnastyrk.

Heildarmagn uppleystra efna ( $TDS_{mælt}$ ; „total dissolved solids“) er samanlagður styrkur uppleystra aðalefna (mg/l) og reiknaður á eftirfarandi hátt:

$$TDS_{reiknað} = Na + K + Ca + Mg + SiO_2 + Cl + SO_4 + CO_3 \quad (3).$$

Gæði efnagreininga er hægt að meta með reikningum á hleðslujafnvægi og hlutfallslegri skekkju (Tafla 3a) sem er reiknað með eftirfarandi jöfnum:

$$Hleðslujafnv. = Katjónir - Anjónir =$$

$$(Na + K + 2 * Ca + 2 * Mg) - (Alk + Cl + 2 * SO_4 + F) \quad (4)$$

$$\text{Mismunur (\%)} = 100 * \frac{\text{Hleðslujafnvægi}}{(\text{katjónir} + \text{anjónir})} \quad (5)$$

Hlutfallsleg skekkja á anjónum og katjónum í sýnum af Austurlandi var oftast 0 til 3% sem telst mjög gott.

## 3.1 Niðurstöður úr einstökum vatnsföllum

### 3.1.1 Háslón og Ufsarlón.

Niðurstöður mælinga sem hafa farið fram á Háslóni er að finna í töflu 4 og á myndum 3 – 9. Alls hefur 17 sýnum verið safnað úr Háslóni í sjö sýnatökuferðum á rannsóknartímabilinu 2007 - 2012.

Tveimur sýnum var safnað af mismunandi dýpi í maí 2008 en þá var safnað í gegnum 80 cm þykkán ís. Fjórum sýnum var svo safnað af báti af mismunandi dýpi í ágúst 2008. Árið 2009 var farið í tvígang og safnað úr Háslóni, á um 5 m dýpi, í ágúst og september, og í ágúst 2010 var einu sýni safnað. Aftur var sýnum safnað af fjórum mismunandi dýptarbilum í september 2011 og 2012 þegar Háslón var á yfirfalli. Öryggisins vegna er vert að geta þess að fara ekki út á Háslón á yfirfalli í suðlægum vindáttum en velja sér frekar í norðanátt til þess. Rekið á bátum er það mikið að ef hann drepur á sér þá tekur ekki langan tíma að reka í átt að yfirfallinu ef um suðlægar áttir er að ræða. Árið 2009 var safnað tveimur sýnum úr Ufsarlóni. Í ágúst var safnað af báti en í september af bakka þar sem ekki taldist öruggt að fara á báti út á lónið. Árið 2010 var safnað úr vatni úr botnrás Ufsarlóns þar sem verið var að skola botnrás lónsins daginn sem leiðangurinn var farinn. Þar af leiðandi eru niðurstöður á mælingu svifauers ekki sambærilegar við það sem annars hefði verið og ekki teknar með í þessari skýrslu. Niðurstöður úr Ufsarlónssýnum hafa verið settar inn á myndir 4 og 5 en gögnin má finna í skýrslu frá 2010 (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2010).

Vatnið í Háslóni og Ufsarlóni er ólíkt að mörgu leiti. Styrkur svifauers, alkalinity, Ca, SO<sub>4</sub>, Sr, As og Mo var hærri í Ufsarlóni. Önnur efni voru svipuð og í Háslóni nema styrkur Cl og fosfórs (P<sub>total</sub>, PO<sub>4</sub>) sem var lítillæg lægri í Ufsarlóni en í Háslóni. Það má benda á að meðalstyrkur nokkurra snefilmálma var hærri í Ufsarlóni og Háslóni en hann var í Jökulsá á Dal við Brú og Hjarðarhaga á fyrri rannsóknartímabili.

Á myndum 6 til 8 má sjá pH, leiðni og styrk uppleystra efna og svifauers í sýnum sem safnað var á mismunandi dýpi í Háslóni að vori og hausti 2008 og að hausti 2011 og 2012. Greinilegt er að styrkur uppleystra efna og samsætur vetnis og súrefnis er breytilegt á milli leiðangra. Það er töluverður munur á ýmsum mæligildum í sýnum frá sama dýpi í haustleiðöngrunum 2008 og 2011. Ein aðalbreytan er pH og var gildi þess mismunandi á milli þessara tveggja gagnasafna og leiða má líkur að því að hitalagskipting hafi sitt að segja varðandi efnastyrk og strauma innan lónsins. Árið 2008 var safnað í ágúst en í hinum tveimur leiðöngrunum var safnað í september, þegar farið var að kólna. Í 2012 leiðangrunum hafði verið hvasst í nokkra daga og sjá má á hitaferlinum á mynd 8 að hitastig er það sama í

gegn um alla vatnssúluna. Það má því sjá að veðurfar hefur töluverð áhrif á lónið, blöndun þess og efnasamsetningu.

Árið 2008 var pH frá 7,4 til 7,8 með hæsta gildi á 70 m dýpi. Árið 2011 var pH frá 7,8 til 8,8 og var hæst við botn. Súrefni var mælt með Sondu Veiðimálastofnunar sem nýlega hafði verið yfirfarin. Súrefnismettun var frá 98,6% á 130 m dýpi upp í 100,5% á 20 m dýpi. Styrkur uppleystra efna var svipaður á milli gagnasafanna frá 2008 til 2011 í efstu 70 metrunum en styrkur flestra uppleystra efna, aðal- og snefilefna, var hærri í sýni af mesta dýpinu frá árinu 2011. Styrkur ýmissa efna er mjög háður pH gildi og súrefnismettun vatnsins. Málmar verða hreyfanlegri við hátt og lágt pH og þeir málmar sem eru háðir oxunarstigi, við lága súrefnismettun. Háslón var mettað af súrefni í gegnum vatnsbolinn en pH hækkaði með dýpi. Eins og sést á myndum 6 – 8 var styrkur margra efna hæstur í dýpsta sýninu haustið 2011, þar sem pH var hæst, sérstaklega styrkur málma Al, Fe, Mn, Co, Cr, Cu, Ni og Ti. Styrkur sömu efna í sýnum frá 2008 og 2012 var lítið eða ekkert breytilegur með dýpi.

Styrkur uppleysts lífræns kolefnis (DOC) með dýpi var hærri í sýnum frá árinu 2011 en frá árinu 2008 og 2012 en styrkur næringarefnanna  $N_{total}$ ,  $NO_3$  og  $NH_4$  var svipaður. Styrkur fosfórs ( $P_{total}$  og  $PO_4$ ) var hæstur á mesta dýpinu en styrkur fosfórs er háður því hvort járn er á uppleystu formi eða ekki, þar sem fosfórin sogað á yfirborð járnútfellinga. Á mesta dýpinu er pH hæst, járn á uppleystu formi og fosfórin helst í upplausn. Þar er því styrkur fosfórs mestur. Árið 2011 var sýnum safnað á dýpi í Háslóni til mælinga á styrk lífræns (POC og PON) og ólífræns svifaus. Styrkur POC, PON og svifaus óx með dýpi og var styrkur ólífræns svifaus 3 sinnum hærri á 130 m dýpi en hann var á 20 m dýpi.

Samsætur kolefnis ( $\delta^{13}C$  og  $\delta^{14}C$ ), súrefnis ( $\delta^{18}O$ ) og vetnis (Deuterium,  $\delta D$ ) voru mældar í sýnum úr Háslóni frá árinu 2008 og samsætur súrefnis og vetnis frá árinu 2011. Niðurstöður eru sýndar í töflu 10 og mynd 7. Samsætur geta hjálpað til við að skilja lagskiptingu og strauma í lóninu. Geislavirkt kolefni ( $^{14}C$ ) er gefið upp sem hlutfall  $^{14}C$  í andrúmslofti eins og það var fyrir tilraunir með kjarnorku á sjötta áratug síðustu aldar (pMC, „percent modern carbon“) og segir til um  $^{14}C$  aldur vatnsins. Vegna tilrauna með kjarnorku á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hækkaði styrkur  $^{14}C$  í andrúmsloftinu og hafði nær tvöfaldast á Norðurhveli jarðar árið 1963, þegar bann við kjarnorkutilraunum tók gildi. Síðan þá hefur styrkur  $^{14}C$  í andrúmslofti lækkað jafnt og þétt og er nú kominn niður í um 105%. Kolefnissamsæturnar  $^{13}C$  og  $^{12}C$  er stöðugar, en hlutfall þeirra ( $\delta^{13}C$ ) er hægt að nota til að átta sig á hvaðan kolefni í vatni er ættað. Kolefni ættað úr andrúmslofti, karbónötum og úr lífrænu efni hefur ólík samsætuhlutföll. Um 99% af kolefni er samsæta kolefnis með massann 12 ( $^{12}C$ ) en um 1% hefur massann 13 ( $^{13}C$ ). Plöntur kjósa frekar að taka upp léttari samsætuna og hafa því léttara kolefnishlutfall en andrúmsloft. Þegar lífverurnar deyja og rotna skilast því hlutfallslega létt kolefni inn í hringrásina og setur mark sitt á samsætuhlutfall vatnsins. Samsætur vetnis og súrefnis ( $\delta D$  og  $\delta^{18}O$ ) endurspeglar þyngd úrkomu. Náttúrulegt vatn hefur breytilega þyngd sem ræðst af hitastigi þegar úrkomu féll og staðsetningu. Þyngd regnvatns eykst með hita en lækkar með aukinni hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá strönd (Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1993).

Samsætur úr sýnum sem teknar voru í Háslóni eru sýndar á mynd 9. Þær sýna glöggan mismun á milli vatns á mismunandi dýpi. Styrkur geislavirks kolefnis ( $^{14}\text{C}$ ) úr efstu metrum lónsins er 97% pMC (nálægt nútíma kolefni) en lækkar niður í 85% og 82 % pMC í sýnum af 40 og 70 m dýpi, sem bendir til þess að eldra vatn sé á þessu bili. Á 130 m dýpi hækkar styrkur  $^{14}\text{C}$  svo lítillega aftur (90% pMC). Niðurstöður  $\delta^{13}\text{C}$  sýnir svipaða lagskiptingu, þar sem efsta og neðsta sýnið gefa svipuð gildi eða -8,7‰ og -8,6‰, en miðsýnin gefa -7,9‰ og -7,8‰.

Samsætur vetnis og súrefnis í sýnum frá 2008 og 2011 sem safnað var á mismunandi dýpi sýna að vatnið er léttast á 70 m dýpi bæði árin en samsæturnar voru einsleitar með dýpi í sýnatökunni 2012, einungis var örlítill þynging alveg niðri við botninn.

Hitamæling í gegnum vatnsbolinn frá árinu 2008 (myndir 6 til 9) sýndi ákveðna lagskiptingu á um 60 m dýpi, frá um 6 °C niður í ~3,6 °C, (mynd 6) og svo aðra minni hitabreytingu á milli 80 til 100 m dýpi, frá 3,6 °C í um 2,7 °C. Hitamæling á sama stað árið 2011 sýndi stöðugan vatnshita við ~3,6 °C frá yfirborði niður 80 til 100 metra dýpi þar sem hæg kólnun niður í um 2,7 °C átti sér stað. Hitamælingarnar frá 2008 og 2011 eru ólíkar niður á um 60 m dýpi en svipaðar eftir það. Reyndar náði seinni mælingin ekki nema niður á um 131 m dýpi á meðan mælingin frá 2008 náði niður í 168 m þar sem fyrir mistök hafði verið tekið rangt mæliband (of stutt) í ferðina haustið 2011. Hitamælingin sem gerð var 2012 sýndi litlar breytingar með dýpi, en mikill vindur dagana áður en mælingin var gerð, hefur haft sitt að segja við blöndun vatnsins.

Í sýnatöku árið 2008 var hitastigið 5,5 – 6 °C í efstu metrum lónsins en á um 50 m dýpi lækkaði hitastigið mjög snögg niður í 3,5°C. Á því dýpi var greinilegur straumur því þar byrjaði sýnatakinn og bandið sem hann hékk í, að titra. Titrurinn hætti þegar komið var neðar í vatnssúluna (ekki vitað á hvaða dýpi) og er það túlkað sem svo að þar hafi straumurinn minnkað/hætt. Á um 90 m dýpi lækkaði hitastigið fremur snögg úr 3,5°C í 2,7°C. Með því að bera saman hitamælingar og mælingar á samsætum má leiða líkur að því að á 50-90 m dýpi í lóninu sé straumur sem ferðast í gegn um lónið en það sem er ofar og neðar. Inntakið fyrir virkjunina er á þessu dýpi í lóninu og því þarf þetta ekki að koma á óvart. Líklegast má telja að í þessum straumi sé hlutfallslega meira af nýlegri jökulbráð gamals íss, sem gerir vatnslagið eldra ( $^{14}\text{C}$  lækkar), minna lífrænt ( $\delta^{13}\text{C}$  hækkar) og léttara ( $\delta^{18}\text{O}$  og  $\delta\text{D}$  lækkar) (sjá mynd 7). Þetta lag ferðast á milli dýpra lagsins (<90 m) og hins grynnra (>50 m). Súrefnis og vetnissamsæturnar í sýnum frá 2011 voru líka léttastar á 70 m dýpi (mynd 7) sem rennir stöðum undir að á því dýpi sé straumur sem ferðist hraðar í gegn um lónið en restin af vatninu. Ekki var að sjá neina lagskiptingu í samsætunum árið 2012 eða í hitastigi og má leiða líkur að því að hvassviðrið á þessum tíma hafi náð að blanda vatnsbolnum.

Tilraunir hafa verið gerðar til að hefta uppblástur á bökkum Háslóns (Björn Jóhann Björnsson, 2010). Það rykbindiefni sem notað verður næstu árin til rykbindingar við Háslón er s.k. bikþeyta sem er blönduð af Hlaðbæ-Colas. Gerðar voru tilraunir með efnið árin 2009 og 2010 og þetta efni gefur langbesta bindingu af þeim efnum sem prófuð hafa verið. Bikþeytan samanstendur af 55% biki (Asfalt), um 1% af ýruefninu Indulin W-5 og vatni. Í

blöndunarferlinu er saltsýru bætt við til að stilla af pH gildi þeytunnar. Bikþeytunni er sprautað á jarðveginn með sérstökum dælubúnaði og myndar þunna skel sem bindur jarðveginn á því svæði sem úðað er á. Magn af bikþeytu sem notað var sumarið 2010 var um 70 tonn og verður væntanlega svipað næstu árin. Leyfi hefur verið gefið út af Heilbrigðisnefnd Austurlands fyrir notkun efnisins. Magn bikþeytu fer eftir gerð jarðvegsins. Nægilegt var að nota um 40 g/m<sup>2</sup> á fínkornótt efni en upp undir 70 g/m<sup>2</sup> á grófari svæðum. Ekki var gott að nota efnið í meiri styrk þar sem það gat farið að safnast í polla (Björn Jóhann Björnsson, 2010). Samkvæmt öryggisblöðum sem fylgja efnunum í bikþeytunni eru þau ekki hættuleg lífríkinu og leysast hægt eða ekki upp í vatni. Eina sem virðist þurfa að hafa í huga varðandi rykbindiefnið í sambandi við þessa rannsókn er að klórstyrkurur í lónvatninu gæti verið hærri en ef hann væri bara sjávarættaður, vegna saltsýrunnar HCl, sem myndi því hafa áhrif á úrkomuleiðréttingu á vatni úr frárennisskurðinum við Fljótsdalsvirkjun og Lagarfljóti. Það má sjá í gögnum frá Lagarfljóti (Tafla 1 og mynd 26) að klórstyrkurinn í yfirstandandi rannsókn er lægri en hann var í rannsókninni 1998 – 2003 þannig að klórinn í saltsýrunni virðist ekki hafa áhrif þar á, enda mjög útbýnt í öllu þessu vatnsmagni.

### **3.1.2 Jökulsá á Dal við Brú og Hjarðarhaga.**

Alls var safnað sex sýnum úr Jökulsá á Dal við Brú frá 2007 til 2010 (Tafla 5 og myndir 10 – 11), þremur sýnum í lágrennsli (fylltir hringir á myndum 7 – 8), af vatni sem rennur í farveginn af heiðunum í kring, og þremur sýnum við hátt rennsli, þegar Háslón hafði yfirfyllst ( hringir á myndum 10 – 11). Árin 2011 og 2012 var ekki safnað úr Jökulsá á Dal við Brú.

Sýni sem safnað var í lágrennsli höfðu háan heildarstyrk uppleystra aðalefnaefna (TDS) og hátt alkalinity, líkt því sem sem það var á veturna áður en rennsli Jökulsár var truflað með tilkomu Háslóns. Sýnin sem safnað var þegar Háslón var á yfirfalli voru eins og sumarsýnin voru í rannsókninni 1998-2003, með lágt TDS, lágt alkalinity og háan styrk svifaus (Sigurður Reynir Gíslason 2004). Styrkur málmanna B, Sr, Ba, Cr, Cu og kannski Mo, var lægra við hátt rennsli en rennsli hafði ekki áhrif á styrk annarra málmna. Rennsli vatnsfallsins var alltaf lægra en það var áður en virkjun tók til starfa.

Aðaláhersla hefur verið lögð á að vakta Jökulsá á Dal af brúnni við Hjarðarhaga. Þar hefur 35 sýnum verið safnað á tímabilinu 2007-2012, þar af 29 sýnum við lágrennsli en sex sýnum þegar Háslón hefur verið á yfirfalli (Tafla 6, myndir 12-15). Þrátt fyrir að safnað hafi verið á yfirfalli hefur rennslið hefur þó ekki alltaf verið neitt mikið og ekkert í líkingu við sumarrennsli Jökulsár á Dal fyrir virkjun.

Á myndum 12 – 13 eru sýnin sem safnað var á yfirfalli táknuð með stórum, opnum hringjum. Styrkur aðalefna og nokkurra snefilefna var lægri í sýnum sem safnað var við mikið rennsli á yfirfalli. Hins vegar var styrkur Al, V, PO<sub>4</sub> og heildarstyrkur fosfórs (P<sub>total</sub>) og hærri í þeim sýnum. Fosfór er mikilvægt næringarefni fyrir ljóstíllífandi lífverur og lækun á framburði fosfórs getur haft áhrif á afkomu ljóstíllífandi lífvera á vatnasviðinu. Áhrifa gæti

einnig gætt út í sjó en hafa ber í huga að vatnið úr Háslóni fer í gegnum Lagarfljót sem fellur til sjávar, á sama stað og Jökulsá á Dal sem vegur upp, allavega að hluta til, minnkandi framburð Jökulsár á Dal á uppleystum fosfór.

Á myndum 12, 14 og 15 sést að rennslið hefur hæst farið í 240 m<sup>3</sup>/s á yfirstandandi rannsóknartímabili, á meðan safnað var við allt að 500 m<sup>3</sup>/s á árunum 1998-2003. Þó má sjá að styrkur efnanna er rennslisháður á sama hátt og hann var fyrir virkjun (myndir 14 og 15). Við lágt rennsli, þegar afrennslið var ættað af heiðarlöndunum í kring og grunnvatni, var styrkur uppleystra efna í vatninu hár og lækkaði með vaxandi rennsli. Styrkur svifaurs var lítil við lágt rennsli en jókst með auknu rennsli, eins og við var að búast. Vensl uppleystra efna og rennslis eru svipuð fyrir og eftir virkjun (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2004; 2006). Þó var styrkur Na, Ca, Mg, SiO<sub>2</sub> og alkalinity hærri 2007 – 2012 en hann varð hæstur á fyrra tímabili.

Meðalstyrkur uppleystra aðalefna hefur hækkað 15 – 111%, nema styrkur brennisteins sem hefur lækkað um 11%. Af aðalefnum hefur Mg hækkað mest. Meðalstyrkur DOC hefur ækkað um 135%, POC um 15% og PON hefur 40-faldast. Meðalstyrkur næringarefnanna PO<sub>4</sub>, P-total, NO<sub>3</sub>, NO<sub>2</sub> og N-total hefur lækkað um 7 til 46% en NH<sub>4</sub> hefur hækkað um 74%. Meðalstyrkur flestra snefilefna hefur hækkað um 7 til 60% en styrkur Fe, Ti og Sr hefur hækkað um 700, 228 og 153%. Meðalstyrkur Ni, Pb, Cd og V hefur lækkað um 28 – 75%.

Til að átta sig á breytingum á styrk uppleystra efna er gott er að líta á styrk efnanna miðað við natríum sem leiðrétt hefur verið fyrir úrkomu (Na<sup>\*</sup>). Natríum er gott þar sem það er hreyfanlegt og helst í upplausn. Breytingar á efnum miðað við Na<sup>\*</sup> geta því t.d. gefið upplýsingar um hvaða bergtegundir vatnið rennur um og fær sín uppleystu efni úr. Ef t.d. kísill hækkar m.v. Na<sup>\*</sup> getur það þýtt að það rennur um berg sem inniheldur kísilsteindir. Styrkur Ca, alkalinity, SiO<sub>2</sub> og Mg hefur hækkað miðað við Na<sup>\*</sup> um 15, 24, 56 og 89% (í þeirri röð) í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga eftir að áin var stífluð við Kárahnjúka en styrkur SO<sub>4</sub>/Na<sup>\*</sup> hefur lækkað um 27%. Þetta endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa á vatnasviðinu.

Framburður efna með vatnsföllum er háður styrk efna í vatninu og rennsli vatnsfallsins. Meðalrennsli frá vatnsárunum 1/9/2007 til 31/8/2012 er 61% lægra en það var á árunum 1998 – 2003 og framburður allra mældra uppleystra efna nema járn og títans hefur lækkað. Framburður aðalefna hefur minnkað um 10 – 57%, næringarefna um 70% og snefilefna (utan Fe og Ti) um 10 – 85%. Framburður járn hefur aukist um nær 200% og títans um 30%. Aurburður hefur minnkað um 94% frá fyrra rannsóknartímabili.

### **3.1.3 Jökulsá í Fljótsdal við Hól.**

Snemma árs 2009 var Hraunaveita tekin í notkun og þá var lokað fyrir rennsli Jökulsár í Fljótsdal við Ufsarstíflu. Yfir sumartímann er vatn úr Ufsarlóni notað til að knýja hverflana í Fljótdalsvirkjun á meðan Háslón fylltist. Þar af leiðandi minnkar rennslið við sýnatökustaðinn við Hól. Vatnið var þó mjög gruggugt þar sem Jökulsá í Fljótsdal er rík af mjög fíngerðum svifaur (Hákon Aðalsteinsson, 2000) og ekki þarf mikið rennsli til að halda

Því í upplausn. Alls var 21 sýni safnað þar á árunum 2007 til 2011. Ekki var safnað við Hól á árinu 2012. Niðurstöður úr þessum mælingum er að finna í töflu 7 og á myndum 16 – 19.

Meðalstyrkur uppleystra efna var yfirleitt hærri en hann var á árunum 1998 – 2003 (Tafla 1) nema styrkur Ca og SO<sub>4</sub> sem var mun lægri (Töflur 1 og 7) sem getur bent til að karbónat og súlfíð veðrun hafi haft áhrif á vatnsfallið fyrir virkjun en ekki eftir. Karbónat og súlfíð útfellingar fylgja háhitasvæðum og eru frekar auðleystar steindir sem hafa mikil áhrif á efnasamsetningu vatns sem kemst í snertingu við þær.

Árstíðabundnar sveiflur á uppleystum efnum og svifaur voru áberandi á meðan vatnsfallið var ótruflað en eftir að Hraunaveita var tekin í notkun hefur árstíðasveiflan orðið minna áberandi.

Ef lítið er á myndir 18 og 19 má sjá áhrif rennslis á styrk svifaur og uppleyst efni og sést að efnastyrkur fellur ekki alltaf vel að eldri gagnagrunninum (opnir hringir) við Hól. Sérstaklega hefur styrkur brennisteins (SO<sub>4</sub>) lækkað mikið m.v. það sem hann var 1998-2003. Því má leiða líkur að því að Hraunaveita hafi heft rennsli brennisteinsríks vatns sem áður rann í Jökulsá í Fljótsdal. Styrkur SO<sub>4</sub> í sýnum frá 2007 og 2008, áður en Hraunaveita var tekin í notkun, fellur á efnalykilinn frá 1998-2003 en sýni frá 2009-2011 hafa oftast fallið neðan við hann.

Framburður flestra efna lækkaði um 30 – 70% á milli rannsóknartímabilanna 1998-2003 og 2007-2011 nema framburður Fe og Ti sem jókst um 150 og 130%.

### **3.1.4 Affallsskurður við Fljótsdalsstöð.**

Niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið í affallsskurðinum við Fljótsdalsstöð eru í Töflu 8 og á myndum 20 og 21.

Í frárennisskurðinum við Fljótsdalsstöð rennur blanda af tvenns konar vatni yfir árið. Annars vegar vatn úr Háslóni, sem notað er megnið af árinu, og hins vegar er notuð blanda af vatni úr Ufsarlóni, í gegn um Hraunaveitu, og Háslóni, á meðan Háslón er að fyllast yfir sumartímann. Eins og áður sagði var Hraunaveita tekin í notkun snemma árs 2009. Hlutfall Ufsarlóns var frá 5 til 76% af blöndunni. Mest var notað af vatni úr Ufsarlóni frá maí til júlí.

Efnasamsetning Ufsarlóns og Háslóns er ólík (Myndir 4 og 5). Mestur munur er á alkalinity, Ca, SO<sub>4</sub>, Sr og Mo) og er styrkur þessara efna hærri í Ufsarlóni en í Háslóni. Þar af leiðandi vex framburður þeirra efna í frárennisskurðinum við Fljótsdalsstöð eftir því sem hlutfallslega meira vatn ættað úr Ufsarlóni fer í gegnum túrbínurnar. Athygli vekur að styrkur titans (Ti) var hár miðað við það sem mælt var í vatnsföllum á Austurlandi fyrir virkjun, sérstaklega fór styrkurinn upp í Háslóni sumarið 2009. Styrkukningin veldur framburðaraukningu á Ti og þar með samanlagðan framburð á þungmálmum (Tafla 2). Ekki hefur borið á viðlíka styrktoppum í þessum efnum á árunum 2010 – 2012 þó að styrkur Al sé alltaf hærri á sumrin en á veturna og oftast má segja það sama um Co og Cu (mynd 21 og Viðauki).

Ekki er líklegt að um mengun í sýnatökubúnaði valdi styrktoppunum árið 2009 þar sem málmar í sýnum sem safnað var á sama tíma úr öðrum vatnsföllum voru í lægri styrk. Ef styrktopparnir eru bornir saman við efnastyrk á 140 m dýpi í sýnum frá Háslóni 2011 er hægt að gera að því skóna að styrktopparnir séu vegna viðsnúnings í vatninu í Háslóni vegna hitaskila sumarið 2009. Styrkur málma í sýni úr Háslóni sem safnað var í ágúst 2009 var hærra en í öðrum svipuðum sýnum frá 2008, 2009 og 2010 sem getur bent til viðsnúnings, og þá blöndun vatns með svipaða eiginleika og var á 140 m dýpi í Háslóni í september 2011. Þrjú hitamælar voru settur niður í Háslóni í júní 2009 og tveir til viðbótar árið 2010 (Victor Kr. Helgason Landsvirkjun, munnl. upplýsingar).

Árlegur framburður svifaurs um frárennisskurðinn var reiknaður skv. jöfnu 1 miðað við þau gögn sem liggja fyrir og meðalrennsli um skurðinn frá 2008 – 2012, og var hann um 868 þúsund tonn á ári yfir þetta tímabil. Það ber þó að taka þessum framburðarreikningum með fyrirvara þar sem gagnagrunnurinn er enn lítill. Árið 2000 var gefin út skýrsla sem miðaði að því að endurmeta magn svifaurs við Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga (Svanur Pálsson o.fl. 2000). Samkvæmt skýrslunni var áreiðanlegasta mat á meðalframburði svifaurs Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga 5,8 milljónir tonna á ári á árunum 1970 til 1999. Munurinn á þessum framburðartölum er rétt tæplega 5 milljónir tonna af svifaur á ári, sem hlýtur því að vera nálægt því magni af svifaur sest til í Háslóni. Það verður þó að taka þessum tölum með varúð þar sem aurburður vatnsfalla er mjög háður rennsli þeirra og nákvæmt mat á svifaursframburði á hverjum tíma fæst aðeins með því að athugunum á rennsli og tilheyrandi svifaurslykli. Eitthvað af svifaur fer með yfirfallsvatni á haustin en það er mjög lítið þegar á heildina er lítið.

### **3.1.5 Fellsá við Sturluflöt.**

Fellsá er mikilvægur vöktunarstaður á svæðinu þar sem það er eina ótruflaða vatnfallið í rannsókninni. Hún er því tenging við náttúrulegar breytingar á svæðinu. Á árunum 1964 - 2004 hækkaði hiti og afrennsli á svæðinu umtalsvert sem olli breytingum á hraða efnahvarfaveðrunar og rofs (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2009) og þar með styrk og framburði uppleystra efna og agna í vatnsföllunum. Niðurstöður úr mælingum sem gerðar hafa verið í Fellsá eru í töflu 9 og á myndum 22 – 25.

Styrkur aðalefna í Fellsá sveiflaðist fremur reglulega yfir árið, var hærra á veturna en á sumrin (Tafla 9, myndir 22 og 23, viðauki). Meðalstyrkur uppleystra efna var sambærilegur í sýnum frá báðum rannsóknartímabilum (Tafla 1) og var meðalstyrkur uppleystra efna ( $TDS_{mælt}$ ; Tafla 1) t.d. 33 mg/l á árunum 1998 – 2003 en 34 mg/l á tímabilinu 2007 – 2012. Alkalinity og styrkur aðalefnanna  $SiO_2$ , Ca, Mg og K hefur ekki breyst miðað við úrkomuleiðrétt uppleyst natríum ( $Na^+$ ) sem lýst er frekar í kafla 3.1.2. Styrkur  $SO_4/Na^+$  hefur þó lækkað lítillega miðað við fyrra rannsóknartímabil.

Rennsli Fellsár lækkar styrk uppleystra efna en eykur styrk svifaurs (myndir 22 og 23). Styrkur efna miðað við rennsli á yfirstandandi rannsóknartímabili er svipaður og hann

var árin 1998 – 2003 og bæta því við efnalykilinn sem skilgreindur var fyrir vatnsfallið eins og það var í lok þess rannsóknartímabilsins (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2004; 2009).

Árlegur framburður Fellsár á uppleystum efnum og svifaur hefur aukist vegna aukins afrennslis sökum loftslagsbreytinga, en eins og sjá má hefur meðalrennsli frá árunum 1998-2003 hækkað úr 7,56 m<sup>3</sup>/s í 8,3 m<sup>3</sup>/s á árunum 2008-2012, eða ~10%. Síðustu ár hefur meðalhiti á Íslandi hækkað (Veðurstofa Íslands 2007) og samkvæmt Sigurði Reyni Gíslasyni o.fl. (2009) hefur afrennsli Fellsár aukist um 15% fyrir hverja gráðu (°C) sem meðalhitastigið hefur hækkað s.l. 40 ár. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur framburður aðalefna með Fellsá aukist um 15 – 64%. Framburður snefilefnanna Al, Fe, Sr, Cr, Mo og Ti með Fellsá hefur hækkað um 28 – 174% en framburður B, Mn, Ba, Ni, Pb, Zn hefur lækkað um 20 – 75%.

### 3.1.6 Lagarfljót við Lagarfoss

Sýnum var safnað úr Lagarfljóti við Lagarfoss á svipuðum stað og í rannsókninni 1998 – 2003. Ekki reyndist mögulegt að safna á nákvæmlega sama stað vegna mikilla breytinga sem orðið hafa á umhverfinu vegna stækkunar á Lagarfossvirkjunar á árunum 2005 til 2007. Niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið í Lagarfljóti er að finna í töflum 1, 2 og 10 og á myndum 26 – 29.

Sýni 12A001 var tekið af brú yfir virkjunina þar sem íslög voru mikil og ótraust. Þetta sýni er greinilega mengað af umhverfi sínu og er því ekki notað í reikningum á meðaltalsgildum eða efnaframburði (sjá mynd H).

Rennsli um Lagarfoss hefur tvöfaldast frá því á árunum 1998 – 2003 og hefur langtímameðalrennslið farið úr 114 m<sup>3</sup>/s 1998 – 2003 í 220 m<sup>3</sup>/s á árunum 2008 – 2012 (Tafla 2). Meðalstyrkur svifaurs á árunum 1998 – 2003 var 28 mg/kg (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2003, ath. villa í Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2004) en er nú 106 mg/kg (Tafla 1). Það er nærri fjórföldun á styrk svifaurs.

Meðalstyrkur uppleystu aðalefnanna SiO<sub>2</sub>, Na, K og F hefur hækkað frá fyrra tímabili miðað við fyrirliggjandi gögn, á meðan alkalinity, styrkur SO<sub>4</sub>, Cl og Mg hefur lækkað. Þá hefur heildarstyrkur uppleystra aðalefna (TDS) lækkað. Flest aðalefnin hafa aðeins breyst lítillega en SO<sub>4</sub> hefur lækkað um 20% að meðaltali og styrkur Mg og Cl um 28 og 24%. Meðalstyrkur næringarefnisins NH<sub>4</sub> er 56% hærri en hann var, styrkur P<sub>total</sub> hefur hækkað um 78% og N<sub>total</sub> og NO<sub>3</sub> um 10%. Meðalstyrkur snefilefnanna Ti, Fe, Al, V, Co, Zn, Cr, Mo hefur einnig hækkað. Styrkur Al og Fe er um þrisvar sinnum hærri og styrkur Ti hefur hækkað fjórfalt frá 1998 – 2003. Styrkur snefilefnanna B, Mn, Cu, Pb, Sr og Ni hefur lækkað um 8 – 65%, í hækkandi röð.

Styrkur uppleystra efna miðað við Na<sup>+</sup> (sjá umfjöllun í kafla 3.1.2) hefur lækkað miðað við það sem áður var vegna blöndunar vatns úr Háslóni í Lagarfljót. Vatn úr Jökulsá á Dal var með lægra efnahlutfall m.v. Na<sup>+</sup> en Lagarfljót þannig þessi breyting er í takt við það sem við mátti búast.

Sýni sem safnað var í mars 2012 var tekið af brú við inntak Lagarfossvirkjunar vegna mikillar ísstíflu við venjulegan sýnatökustað. Það sýni reyndist mengað af mörgum efnum og var ekki tekið með í útreikninga á meðaltali á styrk efna. Mengunin er auðséd toppum í t.d. Na, SiO<sub>2</sub>, N<sub>total</sub>, Sr, Ba, og B á myndum 26 og 27.

Eins og áður sagði hefur rennsli Lagarflijóts nær tvöfaldaðist eftir virkjun og er nú dvalartíminn í Lagarflijóti um helmingur þess sem hann var áður, um hálf t. ári í stað eins árs fyrir virkjun (Gunnar Guðni Tómasson og Jórunn Harðardóttir, 2001). Þó að lofthiti hafi að jafnaði verið lægri þegar safnað var eftir virkjun var vatnshiti hærri. Líklegt verður að teljast að þessi munur skrifist á tímasetningu söfnunarferða. Vatnshiti fylgir lofthita en er svolítið seinni að bregðast við hlýnun og kólnun (Viktor Kristinn Helgason og Egill Axelsson 2009). Hitalækkunnar á vatni í Lagarflijóti hefur orðið vart efst á vatnasviði þess eftir virkjun en fyrir miðju Lagarflijóti hefur vatnið hitnað upp að því sem það var fyrir virkjun. Hitastig vatns neðarlega á vatnasviði Lagarflijóts stjórnast því af lofthita (Viktor Kristinn Helgason og Egill Axelsson, 2009) og hitamælingar sem Veðurstofan hefur staðið fyrir á Lagarflijóti gefa ekki til kynna neinar breytingar á vatnshita á tveimur mælistöðvum, út af Freysnesi og Hafursá (Egill Axelsson, 2011).

Framburður Lagarflijóts á uppleystum efnum og svifaur hefur verið reiknaður fyrir tímabilið 2007-2012. Niðurstöður þeirra reikninga er í Töflu 2 og þar eru einnig framburðargögn frá tímabilinu 1998-2003 til samanburðar. Framburður Lagarflijóts á öllum uppleystum efnum og lífrænum- og ólífrænum svifaur hefur aukist. Framburður flestra efna hefur 2 til 3 faldast en framburður P<sub>total</sub>, V, Al, Fe og Ti hefur 4 til 8 faldast (í hækkanði röð). Framburður lífræns og ólífræns svifaurs hefur aukist mest. Framburður ólífræns svifaurs hefur tæplega 10 faldast, POC hefur 35 faldast og PON hefur 41 faldast. Framburður uppleystra næringarefna er mikilvægur strandsjónum og samantekt á samanlögðum framburði Jökulsár á Dal og Lagarflijóts, fyrir og eftir virkjun, er nauðsynlegur til að meta breytingar á framburði næringarefna til sjávar.

### 3.2 Samsætur.

Samsætur kolefnis ( $\delta^{13}\text{C}$  og  $^{14}\text{C}$ ) voru mældar í sýnum frá 2003 og í nokkrum sýnum frá 2007 og 2008 og samsætur súrefnis ( $\delta^{18}\text{O}$ ) og vetnis (Deuterium,  $\delta$  D úr flestum sýnum sem safnað hefur verið frá 2008 til 2012. Gögnin eru í töflum 11a og 11b og á myndum 30–32.

Mælingar á styrk  $^{14}\text{C}$  hafa einungis verið gerðar í nokkrum sýnum frá 2007 og 2008 og ítarlega er fjallað um þær mælingar í fyrri skýrslu (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2011a). Hér eru gögnin sett fram í töflu 11b og á mynd 30.

Úrkoma sem fellur langt inni í landi er léttari en úrkoma sem fellur nálægt ströndinni. Eins léttist úrkoma með hæð yfir sjávarmáli. Samsætur súrefnis ( $\delta^{18}\text{O}$ ) og vetnis (Deuterium,  $\delta$  D) voru alltaf léttastar í vatni Jökulsár á Dal, við Brú og Hjarðarhaga og Útfalli Kárahnúkvirkjunar (lægstu gildin) en þyngstar í dragánum Grímsá og Fellsá (myndir 30 til 32). Þetta endurspeglar fjarlægð vatnasviða þessara straumvatna frá sjó og hæð yfir sjávarmáli. Samsætur súrefnis og vetnis í vatni Jökulsá á Dal eru léttastar seinni part

sumars, þegar gamall ís ættaður ofarlega á Vatnajökli, tekur að bráðna. Eins og sést á mynd 31 fylgja samsætur vetnis og súrefnis á vatnasviðum á Austurlandi úrkomulínunni sem gildir á Íslandi (Stefán Arnórsson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir, 1998).

### 3.3 Svifaur

#### 3.3.1 Efnasamsetning svifaurs

Á rannsóknartímabilinu 2007-2012 hefur 30 svifaurssýnum verið safnað til efnagreininga. Niðurstöður þeirra mælinga er að finna í töflu 12a og 12b og á myndum 33 – 36.

Berggerð svifaurs einkennist af því bergi sem er á hverju vatnasviði fyrir sig. Á myndum 33 og 34 hefur óveðrað berg á hverju vatnasviði (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2008) verið notað til stöðlunar á hverju setsýni sem safnað hefur verið. Það er hjálplegt til að meta hve mikið svifaurinn hefur veðrast á þeim tíma sem hann hefur verið í snertingu við vatn. Ef engin veðrun hefur orðið er staðlað gildi hvers efnis jafnt og 1. Því meiri veðrun sem orðið hefur, því meiri útskolun hefur þá skolast út úr svifaurnum af auðleystum efnum (t.d. Na, K) og þá verður hlutfallslega meira eftir af torleystum efnum (P og Ti). Því verða gildi fyrir auðleyst efni lægri en 1, en gildi fyrir torleyst efni verða hærra en 1. Eftir því sem veðrunin er meiri, því meira vikur staðlaða gildið frá gildinu 1.

Eins og sjá má á mynd 33 hefur svifaur hvers vatnsfalls sín einkenni og fyrir virkjun var lítill breytileiki á milli sýna innan hvers vatnsfalls. Staðlaður styrkur Na, Ca og K sýnir að þessi efni hafa skolast úr í mestu magni á meðan önnur efni eru nær því að vera jafnt og 1. Natrium hefur mestu útskolunina en natrium eitt hreyfanlegasta efnið í basalti (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 1996).

Það hefur verið sýnt fram á að fínkornótt set veðrast hraðar en grófkornótt (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2008) þar sem yfirborðsflatarmál kornanna, og þar með snertiflötur vatns við bergið, eykst hratt með minnandi kornastærð. Á mynd 33 sést að minnst hefur útskolun efna verið í svifaur í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, þá úr sýnum úr Jökulsá í Fljótsdal við Hól en mest úr sýnum úr útfallsskurðinum við Fljótsdalsstöð og Lagarfljóti. Svifaur í útfallsskurðinum og í Lagarfljóti er mjög fínkornóttur og hefur því átt meiri samskipti við vatn en grófara set úr hinum vatnsföllunum. Það getur því skýrt af hverju veðrunin er mest í svifaur þaðan. Enn fremur er bergið á þessum vatnasviðum eldra og oft veðraðra en begið á vatnasviði Jökulsár á Dal.

Áhugavert er að bera saman efnasamsetningu svifaurs úr Lagarfljóti fyrir og eftir virkjun. Á mynd 34 er efnasamsetning svifaurs úr Lagarfljóti við Lagarfoss stöðluð með efnasamsetningu móðurbergs á óröskuðu vatnasviði Lagarfljóts. Rauði flöturinn táknar sýni sem safnað var árið 2002 og 2003 og græni flöturinn táknar sýni frá árunum 2008 til 2011. Þetta sýnir glögglega þá breytingu sem orðið hefur á efnasamsetningu svifaurs í Lagarfljóti, þar sem mikill hluti svifaursins er nú ættaður af öðru vatnasviði en áður var, þ.e. úr Háslóni.

Á mynd 35 er gert grein fyrir efnastyrk valdra efna í svifaur úr Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga sem fall af hlutfallslegu magni leirs (kornastærð < 0,002 mm) í svifaurssýninu. Leir er fíngerðasti hluti svifaurssýnanna og hefur mesta yfirborðsflatarmálið. Styrkur

auðleystu efnanna Na og Ca lækkaði með auknum hluta leirkorna í svifaurnum á meðan styrkur torleystu efnanna Fe og P hækkaði. Styrkur Mg hækkaði með minnkandi kornastærð, væntanlega þar sem Mg leitar hratt í leirsteindir. Styrkur Cu hækkaði mjög mikið eftir því sem svifaursýnin verða fíngerðari, en málmar eins og Cu hafa þá tilhneigingu til að sogast á yfirborð leirkorna vegna rafhleðslna. Ásogun efnanna geta svo skolest af yfirborði kornanna þegar umhverfisaðstæður breytast, t.d við sjávarblöndun.

Ef litið er á styrk efna í svifaur úr Lagarfljóti við Lagarfoss í tímaröð (mynd 36) má sjá að styrkur margra efna er stöðugur frá 1999 til 2012 á meðan styrkur annarra efna breyttist við gangsetningu Fljótsdalsvirkjunar. Í heildina á litið hefur styrkur þeirra efna sem var svipaður í svifaur Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal haldist óbreyttur í Lagarfljóti eftir virkjun. En styrkur efna sem var ólíkur í svifaur Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal hefur hins vegar valdið annað hvort aukningu eða lækkun efnanna í svifaur Lagarfljóts eftir því hvort efnin voru í meiri eða minni styrk í svifaur Jökulsár á Dal miðað við svifaur Jökulsár í Fljótsdal:

- $\text{SiO}_2$ ,  $\text{Al}_2\text{O}_3$ ,  $\text{Fe}_2\text{O}_3$ ,  $\text{MnO}$ : Styrkur kísils, áls, járns og mangans í svifaur Jökulsár á Dal, Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóti var svipaður fyrir og eftir virkjun.
- $\text{CaO}$ ,  $\text{MgO}$ : Kalsíum og magnesíum í svifaur Lagarfljóts hefur aukist eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar þar sem svifaur Jökulsár á Dal, sem nú er uppspretta stórs hluta svifaurs Lagarfljóts, er ríkari af kalsíum og magnesíum.
- $\text{K}_2\text{O}$ ,  $\text{P}_2\text{O}_5$ ,  $\text{TiO}_2$ : Styrkur kalíums, fosfórs og títans hefur lækkað í svifaur Lagarfljóts eftir virkjun. Styrkur þessara efna er hærri í ísúru bergi en í basísku bergi. Berggrunnur Jökulsár í Fljótsdal er að hluta til súr/ísúr og því er styrkur þessara efna í svifaur Jökulsár í Fljótsdal meiri en í svifaur Jökulsár á Dal. Þetta endurspeglast í breytingum á styrk efnanna í svifaur Lagarfljóts eftir virkjun.

Undantekning á þessu er styrkur  $\text{Na}_2\text{O}$  í svifaur Lagarfoss fyrir og eftir virkjun. Styrkur natríum í svifaur Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fljótsdal var svipaður fyrir virkjun en lítillaga lægri í Lagarfossi. Nú er styrkur  $\text{Na}_2\text{O}$  í útfalli Lagarfljóts um ~45% lægri en hann var fyrir virkjun. Lækkunina má hugsanlega rekja þess hve háð Na er kornastærð í Jökulsá á Dal (mynd 35), því fíngerðari svifaur þeim mun lægri styrkur af Na.

### **3.3.2 Framburður svifaurs**

Stíflugerð á vatnasviði eykur dvalartíma vatns á landi og veldur aukinni setmyndun á landi. Það verður til þess að framburður svifaurs til sjávar minnkar. Svifaur í jökulám er að mestu leyti ólífrænn, korn og bergmolar sem eru upprunnir úr berggrunni vatnasviðsins. Þar af leiðandi endurspeglar efnasamsetning svifaursins meðalefnasamsetningu bergs á vatnasviðinu (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2008).

Samkvæmt Aller (1998) er set í árósum endurunnið aftur og aftur í daga og mánuði eftir að það berst af landi þannig að það gefst töluverður tími til efnaskipta á milli sets og sjávar. Tilraunir á rannsóknarstofum með efnaskipti bergs og sjávar sýna að styrkur uppleystra efna hækkar í lausn sem bendir til þess að svifaurinn leysist í sjónum (t.d.

Matthildur B. Stefánsdóttir og Sigurður R. Gíslason, 2006; Jones o.fl., 2012). Þó aukast ekki öll efni jafnt í lausninni við efnaskiptin heldur virðast sum efnin ná yfirmettun m.t.t. ummyndunarsteinda eða sogast á yfirborð svifaursins og við það lækkar styrkur þeirra eða stendur í stað í lausninni.

Tilraunir með leysingu svifaurs úr Hvítá í Borgarfirði í sjó sýnir að styrkur uppleysts  $\text{SiO}_2$ , Ca, Mg, Mn, and Ni hækkar á meðan styrkur Li og K lækkar (Jones o.fl. 2012). Samkvæmt Oelkers o.fl. (2011) nægir leysnihraði upp á  $1 \cdot 10^{-16}$  mól  $\text{SiO}_2/\text{cm}^2/\text{s}$  til að leysa upp 1% af árlegum framburði svifaurs til sjávar. Leysnihraði basalts í vatnsföllum á Austurlandi hefur verið reiknaður út frá leysnilíkani (Gíslason and Oelkers, 2003) og er hann frá  $4 \cdot 10^{-15}$  til  $5 \cdot 10^{-14}$  mól  $\text{SiO}_2/\text{cm}^2/\text{s}$  eða er 1 – 2 stærðargráðu meiri leysnihraði en Oelkers og félagar (2011) notuðu í sinni nálgun.

Svifaur í jökulám er yfirleitt fínkornóttur sem þýðir að yfirborðsflatarmál hans er mikið. Yfirborðsflatarmálið eykst eftir því sem setið verður fínna. Yfirborðsflatarmál svifaurs hefur verið mælt í nokkrum vatnsföllum á Austurlandi og er frá því að vera 26 til 80  $\text{m}^2/\text{g}$  í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, 19 til 64  $\text{m}^2/\text{g}$  í Jökulsá í Fljótsdal við Hól og 10 til 31  $\text{m}^2/\text{g}$  í Lagarfljóti við Lagarfoss (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2004). Snertiflötur vatns og bergs, og þar með samspil þeirra, eykst með stærð yfirborðsflatarmáls. Fínustu kornin í svifaurnum geta, vegna rafkrafta á yfirborði kornanna, einnig sópað til sín uppleystum efnum úr vatninu og þannig lækkað styrk efnanna í vatninu en aukið hann hlutfallslega í korninu sjálfu. Við breyttar aðstæður, t.d. ef svifaur fellur til sjávar, geta þessi efni skolast af yfirborði kornanna og nýst sem næringarefni í sjónum (Jón Ólafsson o.fl., 2008; Matthildur B. Stefánsdóttir og Sigurður R. Gíslason, 2006). Í rannsókn sem var gerð við ósa Þjórsár, 1996, var mikill munur á styrk snefilefnanna Cu, Cd og Zn í sýnum sem tekin voru út eftir ósnum. Mestur var styrkur efnanna þegar blanda árvats og sjávar var um það bil 1:3 (Jón Ólafsson o.fl. 2008), líklega vegna skolunar þessara efna af yfirborði svifaursins í upplausn. Í þessari sömu rannsókn komu fram vísbendingar um að gruggið hefði áhrif til lækkunar á fosfatstyrk. Það er þekkt að uppleyst fosfór hefur tilhneigingu til að sogast á yfirborð svifaurs. Orthophosphate ( $\text{PO}_4$ ) ásogast í meira mæli á yfirborð járnhýdroxíðs en önnur efnasambönd fosfórs, eins og lífrænar fosfórkeðjur (Ruttenberg og Sulakm, 2011). Ásog fosfórs á yfirborð svifaurs getur því leitt til hlutfallslegrar aukningar á lífrænum fosfór í uppleystum í vatninu. Rogers og Bennett (2004) hafa sýnt fram á að örverur geta losað um næringarefni sem eru í litlum mæli í upplausn, eins og Fe og P, sem eru í föstu formi og nýtt sér þau við orkuöflun.

Í töflu 13 er reiknaður framburður nokkurra efna með svifaur í Lagarfljóti og Jökulsá á Dal fyrir og eftir virkjun og á mynd 37 er sýnd sú lækkun sem orðið hefur á framburði aðalefna í föstu formi (svifaur) eftir virkjun. Við reikningana var styrkur efnanna í svifaurnum margfaldaður með framburði svifaurs (tonn/ári) (Tafla 2) í vatnsföllum fyrir (1998-2003) og eftir (2008-2012) virkjun. Samanlagður framburður Lagarfljóts og Jökulsár á Dal á kísli hefur lækkað um 68%, járn um 62% og fosfórs um 48% eftir virkjun. Kísill og fosfór eru nauðsynleg næringarefni við frumframleiðni og járn er nauðsynlegt í snefilmagni. Fosfór er upprunnið úr fosfór ríkum steindum eins og apatíti og gleruðu bergi. Uppleyst fosfór er í lágum styrk þar sem það ásogast á agnir, sérstaklega járn- og álhýdroxíð, og

ferðast með því til sjávar (Ruttenberg 2003). Talið er að um 90% fosfórs fari til sjávar á föstu formi, annaðhvort sem lífrænn svifaur (20-40% af heildarframburði fosfórs), sem apatít eða ásogað á yfirborð járn- og álhýdroxíða. Þegar til sjávar er komið getur styrkur fosfórs annað hvort hækkað eða lækkað. Það getur ásogast á járn sem getur fallið út í árósum vegna jónsstyrk sjávar („flocculation“) eða verið tekið upp af ljóstillífanði lífverum og veldur það lækkun á styrk fosfórs í upplausn. Fosfór getur einnig afsogast af yfirborði korna vegna breyttra umhverfis aðstæðna og veldur það hækkun á styrk fosfórs í upplausn.

Athafnir mannsins hafa haft valdið mikilli aukningu á framburð fosfórs til sjávar með áburðardreifingu og skógarhöggi, en einnig hefur stíflugerð valdið lækkun á framburði fosfórs vegna setmyndunar á landi. Setið fellur þar til botns og, þar með, allt það fosfór sem er ásogað á yfirborð kornanna. Það grefst í lónastæðinu en getur orðið hreyfanlegt við réttar aðstæður (t.d. við súrefnisfirrð) og skilað sér aftur í vatnsbolinn (Ruttenberg, 2003) ef styrkmunur er á milli styrks fosfórs í setvatninu og í vatnsbolnum. Almenn séð þá vegur það upp á móti lækkun á framburði fosfórs en líklegt verður þó að teljast að það falli nú fljótt út á svifaur í Háslóni og á botn Háslóns, nái aldrei til sjávar, heldur haldi áfram í innri næringarefnahringrás við botn lónsins.

### 3.4 Héraðsflói


Í lok september 2013 var safnað úr Héraðsflóa, utan við mynni Lagarfljóts og Jökulsár á Dal (mynd 2). Siglt var frá Borgarfirði Eystri á Emil NS-5 með útgerðarmanninum Karli Sveinssyni og skipstjóranum Jóni S. Sigmarssyni. Gúmmítuðra var dregin á eftir bátum til að nota við söfnun sýnanna. Markmiðið var að safna sýnum með mismikilli blöndun ferskvatns og sjávar til að meta áhrif íblöndunarinnar á uppleyst efni sjávarins. Ætlunin hafði verið að sigla upp í ósinn en horfið var frá því þar sem grynningar í ósnum voru miklar og töluvert brot á þeim, þrátt fyrir gott veður.

Það verður eiginlega að koma hér fram (þrátt fyrir að þessi skýrsla sé náttúrlega hávísindaleg ☺) að þessi ferð verður lengi í minnum höfð því þeir Jón og Karl voru hreint út sagt frábærir. Buðu upp á allt sem þurfti til að allt heppnaðist sem best í sýnatökunni, bjúgu og kartöflur í hádeginu og svo útsýnistúr á leiðinni til baka. Gerist ekki betra! Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir að hafa hent frá sér öllum sínum verkum til að sinna vísindunum með okkur.

Niðurstöðurnar úr söfnuninni eru í töflu 14 og á myndum 38 og 39 þar sem styrkur einstakra efna er sýndur sem fall af klór til að sýna sem best áhrif blöndunar ferskvatns og sjávar.


Styrkur efnanna ýmist vex eða minnkar með aukinni seltu (Cl). Línulegir blöndunarferlar benda til þess að einungis er um mekaníska blöndun að ræða en ef blöndunarferillinn vîkur frá línulegum ferli þá er um að ræða uppleysingu fastra agna eða afsog/ásog efnanna af eða á agnir í upplausn. Efnagreiningum á næringarefnum og svifaur er ekki lokið að fullu.

Reynt var að ná sýnum af seti af botni Héraðsflóa með sérstökum botnsýnataka en það gekk ekki þar sem setið er bæði gróft og samþjappað vegna mikilla strauma sem þarna eru. Norðan við ós var straumurinn í norður en sunnan óss var straumurinn sterkur til suðausturs.



Mynd 2. Kort af Héraðsflóa sem sýnir sýnatökustaðina úti fyrir mynni Lagarfljóts og Jökulsár á Dal. Árósnir hafa færst töluvert til norðurs miðað við það sem kortið sýnir.

Áhugavert er að líta á breytingar á árósum Jökulsár á Dal og Lagarfljóts síðustu 30 ár á heimasíðunni: <http://earthengine.google.org> (mynd A). Þar er hægt að slá inn nafnið „Fljótisdalshérað“ og leita svo að Héraðsflóa. Þar má einnig sjá glögglega þær breytingar sem hafa orðið á lit Lagarfljóts á sama tíma.



Mynd 3. Árósar Jökulsár á Dal og Lagarfljóts árið 2000 t.v. og 2012 t.h.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður úr sýnum úr Héraðsflóa:

- Styrkur allra aðalefna vex með auknum klórstyrk nema styrkur kísils. Styrkur kísils í sýnunum bendir til kísill bæði losni og bindist í Héraðsflóa. Kísill er nýttur af ljóstillífandi kísilþörungum og er því í lægri styrk í sjó en ferskvatni. Kísill er eitt af takmarkandi þáttum frumframleiðni í sjónum. Styrkur næringarefnanna fosfats og  $\text{NO}_2$  vex með aukinni seltu sem þýðir að þau efni eru ekki takmarkandi fyrir frumframleiðni í Héraðsflóa. Það er í samræmi við aðrar athuganir við Íslandsstrendur (Jón Ólafsson o.fl. 2008). Athygli vekur að styrkur  $\text{SO}_4$  og heildarstyrkur brennisteins er ekki sá sami við háa seltu.
- Styrkur uppleysts lífræns kolefnis (DOC) eykst með aukinni seltu en styrkur lífræns svifaurs (POC) minnkar, sem og styrkur svifaurs.
- Styrkur snefilefnanna B, Sr, Ba og Mo hækkar með vaxandi seltu
- Styrkur snefilefnanna Mn og V lækkar með aukinni seltu
- Strkur snefilefnanna Al, Ti og Hg var óreglulegur.
- Styrkur margra snefilefna var undir greiningarmörkum
- styrkur Pb og Cr var mælanlegur í saltasta sýninu en ekki í hinum sem gæti bent til þess að þau falli út við íblöndun ferskvatnsins eða mögulega afsogist af ögnum. Líklega þykir mér þó að þarna sé um mengun að ræða þar sem þetta sýni er það eina sem var tekið beint yfir borðstokkinn á bátnum, hin voru tekin úr gúmmibátnum.



Mynd B

Efri t.v. Jón og Becca við söfnun á Héraðsflóa.

Efri t.h. Séð yfir Héraðsflóann frá Hellisheiði. Mikið hvassviðri feykir upp fíngerðu seti í árósum Jökulsár á Dal.

Neðri t.v. Gúmmíbáturinn sem notaður var við söfnunina úr Héraðsflóa

Neðri t.h. Eydís gerir tilraun til setsöfnunar í botni Héraðsflóa.

## **ÞAKKARORÐ**

Landsvirkjun kostaði rannsóknina og hafa fulltrúar hennar sýnt verkefningu mikinn áhuga og stuðning. Sérstakar þakkir fá Hákon Aðalsteinsson og Óli Grétar Blöndal Sveinsson.

## HEIMILDIR

- Aller R. (1998) Mobile deltaic and continental shelf muds as suboxic, fluidized bed reactors. *Marine Chemistry*, 61, 143–155.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1993. Fornveðurfar lesið úr ískjörnum. *Náttúrufræðingurinn* 62 (1-2), bls. 99-108.
- Björn Jóhann Björnsson 2010. Háslón. Jarðvegsbinding sumarið 2010. Stuðull, verkfræði- og jarðfræðipjónusta ehf. 26 bls.
- Egill Axelsson, 2011. Hitamælingar í Lagarfljóti 2010. EA-2011/01, 9 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Pascale Louvat, Sigurður R. Gíslason, Niels Óskarsson, Jórunn Harðardóttir, 2008. Temporal variation of chemical and mechanical weathering in NE Iceland: Evaluation of a steady-state model of erosion. *Earth and Planetary Science Letters*, 272 (1-2), bls 78-88
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Egill Axelsson og Peter Torssander, 2009. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi VI. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar, RH-06-2009, 19 bls
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Egill Axelsson og Peter Torssander, 2010. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi VII. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar, RH-24-2010, 54 bls
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Egill Axelsson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir, 2011a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi VIII. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar, RH-04-2011, 74 bls
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason and Eric H. Oelkers, 2011b. Does runoff or temperature control chemical weathering rates. *Applied Geochemistry*, doi: 10.1016/j.apgeochem.2011.03.056
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Egill Axelsson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir, 2012. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi IX. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar, RH-05-2012, 84 bls
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason og Eric H. Oelkers, 2013. Does temperature or runoff control the feedback between chemical denudation and climate? *Insights from NE Iceland Geochimica et Cosmochimica Acta*, 107, bls. 65–81.
- Georg Þór Pálsson, 2010. Fljótisdalsstöð, Útskolun Ufsarlóns í lok ágúst 2010. Samantekt Landsvirkjun, 2 bls.
- Gunnar Guðni Tómasson og Jórunn Harðardóttir 2001. Kárahnjúkavirkjun : áhrif á lit Lagarfljóts : niðurstöður tilrauna. OS-2001/016, 19 bls.
- Hákon Aðalsteinsson 2000. Aurframburður á Eyjabökkum. OS-2000/071.

- Haukur Tómasson, Svanur Pálsson, Guðmundur H. Vigfússon MAY 1996 Framburður svifaura í jökulsánum norðan Vatnajökuls 13658 Orkustofnun OS-96024/VOD-02 93
- Hofmann A.W., 1988. Chemical differentiation of the Earth: the relationship between mantle, continental crust, and oceanic crust, *Earth Planet. Sci. Lett.* 90, pp. 297–314
- Oelkers E. H., Gislason S. R., Eiríksdóttir E. S., Jones M. T., Pearce C. R. and Jeandel C. (2011) The role of riverine particulate material on the global cycles of the elements. *Applied Geochemistry*, 26, S365–S369.
- Jones M.T., Christopher R. Pearce, Catherine Jeandel, Sigurður R. Gislason, Eydis S. Eiríksdóttir, Vasileios Mavromatis og Eric H.Oelkers, 2012. Riverine particulate material dissolution as a significant flux of strontium to the oceans. *Earth and Planetary Science Letters*, 355-366, bls. 51 – 59.
- Jón Ólafsson, Sólveig R. Ólafsdóttir og Jóhannes Briem (2008). Vatnsföll og vistkerfi strandsjávar, *Náttúrufræðingurinn* 76 (3–4), bls. 95–108
- Jórunn Harðardóttir og Ásgeir Gunnarsson 2001. Heildaraurburður Jökulsár á Fjöllum. Niðurstöður ársins 2000. Orkustofnun, JHa-ÁG-2001/01, 25 bls.
- Jórunn Harðardóttir & Ásgeir Gunnarsson 2002a. Heildaraurburður Jökulsár á Fjöllum. Niðurstöður ársins 2001. Orkustofnun, greinargerð, JHa-ÁG-2002/01, 30 bls.
- Jórunn Harðardóttir & Ásgeir Gunnarsson 2002b. Mælingar á rennsli og svifaur í Jökulsá á Dal árið 2001. Orkustofnun, OS-2002/034, 23 bls.
- Jórunn Harðardóttir, Ásgeir Gunnarsson & Svava Björk Þorlákisdóttir 2003. Mælingar á rennsli, svifaur og skriðaur í Jökulsá á Dal árið 2002. OS-2003/001.
- Jórunn Harðardóttir 2002. Recent development of sediment monitoring of glacial rivers in Iceland. *Erosion and Sediment Transport Measurement: Technological and Methodological Advances*. Workshop in Oslo 19 – 21 June 2002.
- Jórunn Harðardóttir og Árni Snorrason. Sediment monitoring of glacial rivers in Iceland: a status report. *Proc. of the IAHS Workshop Erosion and Sediment Transport Measurement: Technological and Methodological Advances*. IAHS Red Book.
- Louvat P., Gislason S.R., and Allégre C.J. (2008). Chemical and mechanical erosion rates in Iceland as deduced from river dissolved and solid material. *American Journal of Science*, Vol. 308, May, 2008, 679-726.
- Marin Ivanov Kardjilov, Sigurður Reynir Gíslason, Guðrún Gísladóttir, 2006. The effect of gross primary production, net primary production and net ecosystem exchange on the carbon fixation by chemical weathering of basalt in northeastern Iceland. *Journal of Geochemical Exploration*, 88 (1-3), bls. 292-295
- Marin Ivanov Kardjilov 2008. Riverine and terrestrial carbon fluxes in Iceland. Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands, Reykjavík, júní 2008. '.
- Matthildur B. Stefánsdóttir og Sigurdur R. Gíslason (2006). Suspended basaltic glass–seawater interactions. *Journal of Geochemical Exploration*, 88, 332–335
- Oelkers, Eric H., Sigurdur R. Gislason, Eydis Salome Eiríksdóttir, Morgan Jones, Christopher R. Pearce, Catherine Jeandel (2011). The role of riverine particulate material on the global cycles of the elements, *Applied Geochemistry*, 26, S365–S369
- Oelkers, Eric H., Morgan T. Jones, Christopher R. Pearce, Catherine Jeandel, Eydis Salome Eiríksdóttir, Sigurdur R. Gíslason, 2012. Riverine particulate material dissolution in

- seawater and its implications for the global cycles of the elements. *Comptes Rendus Geoscience*, 344, bls 646 – 651.
- Oslo and Paris Commissions 1995. Implementation of the Joint Assessment and Monitoring Programme, 68 bls. Parkhurst D.L., Appelo C.A.J. 1999. User's guide to PHREEQC (Version 2) – a computer program for speciation, batch-reaction, one-dimensional transport, and inverse geochemical calculations. Water resources investigations report 99-4259. Lakewood: US Geological Survey.
- Plummer, N.L., og Busenberg, E. 1982. The solubility of calcite, aragonite and vaterite in CO<sub>2</sub>-H<sub>2</sub>O solutions between 0 and 90°C, and an evaluation of the aqueous model for the system CaCO<sub>3</sub>-CO<sub>2</sub>-H<sub>2</sub>O: *Geochimica et Cosmochimica Acta* 46, bls. 1011–1040.
- Rogers J.R., Bennett P.C. (2004). Mineral stimulation of subsurface micro-organisms: release of limiting nutrients from silicates. *Chemical Geology*, 203, 91-108.
- Ruttenberg K.C. (2003) The global phosphorus cycle. In *Biogeochemistry* (ed. W.H. Schlesinger) Vol. 8 *Treaties of Geochemistry* (eds. H.D. Holland and K.K. Turekian), Elsevier – Pergamon, Oxford.
- Ruttenberg K.C., Sulak D.J. (2011). Sorption and desorption of dissolved organic phosphorus onto iron (oxyhydr)oxides in seawater. *Geochimica et Cosmochimica Acta*, 75, 4095–4112
- Svanur Pálsson, Jórunn Harðardóttir, Guðmundur H. Vigfússon, Árni Snorrason, 2000. Reassessment of suspended sediment load of river Jökulsá á Dal at Hjarðarhagi. Orkustofnun, Vatnamælingar ; OS-2000/070
- Sigrídur Magnea Oskarsdóttir, Sigurdur Reynir Gíslason, Arní Snorrason, Stefania Guðrun Halldorsdóttir, Guðrun Gísladóttir (2011). Spatial distribution of dissolved constituents in Icelandic river waters. *Journal of Hydrology*, 397, 175–190.
- Sigurður Reynir Gíslason, Stefán Arnórsson og Halldór Ármannsson, 1996. Chemical weathering of basalt in southwest Iceland: Effects of runoff, age of rocks and vegetative/glacial cover. *American Journal of Science*, 296, 837-907.
- Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Eydís Salome Eiríksdóttir, Bergur Sigfússon, Sverrir Óskar Elefsen, Jórunn Harðardóttir, Ásgeir Gunnarsson, Einar Örn Hreinsson, Peter Torssander, Marin I. Kardjilov og Niels Örn Óskarsson, 2003. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi IV. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar. RH-04-2003, 97 bls.
- Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Bergur Sigfússon, Eydís Salome Eiríksdóttir, Sverrir Óskar Elefsen, Jórunn Harðardóttir, Ásgeir Gunnarsson, Einar Örn Hreinsson, Peter Torssander, Niels Örn Óskarsson og Eric Oelkers, 2004. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi V. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar. RH-05-2004, 101 bls.
- Sigurður Reynir Gíslason, Eric H. Oelkers og Árni Snorrason 2006. Role of river-suspended material in the global carbon cycle. *Geology*, 34, bls 49-52.
- Sigurdur R. Gíslason, Eric H. Oelkers, Eydis S. Eiríksdóttir, Marin I. Kardjilov, Guðrun Gísladóttir, Bergur Sigfusson, Arní Snorrason, Sverrir Elefsen, Jorunn Hardardóttir, Peter

- Torssander, Niels Oskarsson, 2009. Direct evidence of the feedback between climate and weathering. *Earth and Planetary Science Letters*, 277, (1-2), bls. 213-222.
- Stefán Arnórsson, Sven Sigurðsson og Hörður Svavarsson 1982. The chemistry of geothermal waters in Iceland. I. Calculation of aqueous speciations from 0° to 370 °C: *Geochimica et Cosmochimica Acta* 46, bls. 1513-1532.
- Stefán Arnórsson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1998. Uppruni jarðhitavatns á Íslandi. *Náttúrufræðingurinn*, 68, bls. 55 -67.
- Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 2000. Leiðbeiningar um mælingar á svifaur og úrvinnslu gagna. Greinargerð, SvP-GHV-2000-2, Orkustofnun, Reykjavík.
- Svanur Pálsson, Jórunn Harðardóttir, Guðmundur H. Vigfússon og Árni Snorrason 2000. Reassessment of suspended sediment load of river Jökulsá á Dal at Hjarðarhagi. Orkustofnun OS-2000/070.
- Sweewton R. H., Mesmer R. E. og Baes C. R. Jr. 1974. Acidity measurements at elevated temperatures. VII. Dissociation of water. *J. Soln. Chem.* 3, nr. 3 bls. 191-214.
- Veðurstofa Íslands, 2007. Annual average climate information 1961–2005. The Icelandic Meteorological Office, Reykjavík.  
<http://andvari.vedur.is/vedurfar/yfirlit/medaltalstoflur/Arsgildi.html>
- Victor Kr. Helgason og Egill Axelsson, 2009. Vatnshitamælingar Landsvirkjunar og Vatnamælinga á Austurlandi árin 1995-2007, LV2009/062, 67 bls.

## TÖFLUR OG MYNDIR

Tafla 1. Meðalefnasamsetning vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi, 2007 – 2012. Gögn frá tímabilinu 1998 – 2003 eru höfð til samanburðar.

Vatnsfall	Rennsli m <sup>3</sup> /sek	Vatns- hiti °C	Loft- hiti °C	pH	Leiðni µS/sm	SiO <sub>2</sub> mmól/l	Na mmól/l	K mmól/l	Ca mmól/l	Mg mmól/l	Alkalinity meq/kg	DIC mmól/l	SO <sub>4</sub> mmól/l	SO <sub>4</sub> mmól/l	δ <sup>34</sup> S ‰	Cl mmól/l	F µmól/l	TDS mg/l	TDS mg/l		
																				(a)	(b)
Háslón 08 – 12	1,91	4,74	7,64	37,1	0,085	0,122	0,004	0,079	0,013	0,260	0,266	0,009	0,009			0,024	1,74	44	29		
Ufsarlón 08 – 10	2,83	6,43	8,10	54,6	0,080	0,113	0,005	0,196	0,023	0,460	0,459	0,036	0,032			0,016	1,302	51	47		
Brú 07 - 10	81	5,52	6,17	7,84	58,4	0,195	0,286	0,007	0,119	0,037	0,514	0,524	0,025	0,023		0,035	3,548	68	59		
Brú 00 - 03	112	2,23	2,62	7,67	54,6	0,144	0,255	0,005	0,112	0,031	0,456	0,477	0,023	0,023	2,32	0,043	3,49	55	53		
Hjarðarhagi 07 – 12	63	4,57	4,83	7,77	88,3	0,301	0,288	0,010	0,192	0,129	0,825	0,827	<0,019	0,016		0,062	3,637	67	89		
Hjarðarhagi 98 – 03	163	1,74	4,39	7,61	61,8	0,160	0,230	0,006	0,133	0,061	0,540	0,572	<0,018	0,018	3,30	0,045	3,17	55	60		
Hóll 07 -12	17	3,19	4,46	7,71	85,4	0,278	0,232	0,010	0,210	0,128	0,789	0,792	0,026	0,016		0,052	3,28	67	85		
Hóll 98 -03	39	2,86	5,54	7,64	77,4	0,151	0,170	0,006	0,230	0,076	0,640	0,676	0,053	0,053	1,96	0,045	3,10	55	73		
Útfallssk. 07 – 12	113	3,36	4,66	7,85	42,2	0,106	0,144	0,005	0,110	0,020	0,341	0,341	0,016	0,015		0,028	1,77	45	38		
Fellsá 07 – 12	6,27	4,29	5,03	7,45	38,8	0,194	0,110	0,008	0,076	0,056	0,297	0,300	<0,007	0,006		0,062	1,074	34	40		
Fellsá 98 – 03	8,71	3,57	5,69	7,39	36,5	0,152	0,110	0,004	0,070	0,050	0,282	0,309	<0,007	0,007	10,3	0,058	1,05	33	38		
Lagarfoss 07 – 12	225	4,89	4,24	7,46	51,5	0,156	0,145	<0,007	0,131	0,047	0,404	0,406	0,017	0,016		0,055	1,78	41	47		
Lagarfoss 98 - 03	124	4,57	6,01	7,51	55,6	0,148	0,137	0,005	0,133	0,065	0,422	0,456	0,020	0,020	4,89	0,076	1,76	46	52		
Heimsmeðaltal						0,173	0,224	0,033	0,334	0,138		0,853	0,090	0,090		0,162	5,26	100	100		
Vatnsfall	DOC mmól/l	POC µg/kg	PON µg/kg	C/N	Svifaur mg/l	DIP			DOP			TDN			DIN		DON		DIN/ DON	POC/ Svifaur %	DOC/ Svifaur %
						P <sub>total</sub> µmól/l	PO <sub>4</sub> -P µmól/l	P <sub>tot</sub> -DIP µmól/l	DIP/ DOP	N <sub>total</sub> µmól/l	NO <sub>3</sub> -N µmól/l	NO <sub>2</sub> -N µmól/l	NH <sub>4</sub> -N µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l			
Háslón 08 – 12	<0,028	508	<45,6	>13,8	268	0,620	0,450	0,171	3,63	4,33	1,81	<0,061	1,01	2,88	1,45	1,980	0,190		40		
Ufsarlón 08 – 10	<0,018	441	<26	>19,7	486	0,470	0,304	0,167	2,82	2,91	1,95	0,040	1,36	3,35			0,961		33		
Brú 07 – 10	<0,027	441	<35	>12,5	486	0,55	0,459	0,086	6,34	5,17	2,74	0,047	1,33	4,12	1,05	3,94	0,069		49		
Brú 00 – 02	<0,020	300	<28,9	20,4	327	0,624	0,608	-0,017		7,22	3,86	<0,087	<0,902	4,85	2,37	2,05	0		44		
Hjarðarhagi 07 – 12	<0,073	382	<1324	<16,0	41	0,35	<0,278	0,069	5,03	4,89	<1,92	<0,054	<1,08	3,05	1,84	1,66	0,924		70		
Hjarðarhagi 98 – 02	0,031	332	32,4	10,2	325	0,499	0,533			5,23	2,6	0,072	0,619	3,29	1,94	1,70	0,10		53		
Hóll 07 -12	<0,073	415	<40	>15,5	87,8	0,27	<0,138	0,128	2,08	5,24	<2,97	<0,051	<0,985	<4,00	>1,23	3,24	0,472		68		
Hóll 98-03	0,03	458	33,7	13,6	267	0,312	0,305	<0,33		4,6	2,52	<0,074	<0,628	<3,22	>1,38	2,34	0,17		44		
Útfall 07 - 12	0,063	423	<47,1	<11,7	246,9	0,578	0,437	0,140	4,12	4,05	3,15	<0,057	<1,15	4,35	-0,30		0,171		64		
Fellsá 07 - 12	<0,049	141	<9,7	18,3	8,6	0,06	0,118	-0,062		3,30	1,35	0,050	1,20	2,60	0,70	3,69	1,627		81		
Fellsá 98 – 03	<0,020	178	<12	>14,8	10,0	<0,141	<0,133	<0,008	16,6	5,21	<2,50	<0,056	<0,315	<2,87	>2,34	1,23	1,78		57		
Lagarfoss 07 - 12	<0,047	459	<46,5	>12,4	107	0,354	0,256	0,097	3,63	4,09	2,092	0,046	1,305	3,44	0,65	5,30	0,431		55		
Lagarfoss 98 – 03	0,031	391	33,2	11,8	28	0,199	0,264	-0,065		4,73	1,9	<0,064	0,839	2,80	1,93	1,45	0,45		49		
Heimsmeðaltal						0,323			0,67		7,14	0,065	1,14	8,57	18,6	0,46	1		60		

Tafla 1 frh. Meðalefnasamsetning vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi, 2007 – 2012.

Vatnsfall	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V
	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	nmól/l	μmól/l											
Háslón 08 – 12	2,17	0,741	0,135	0,027	<0,010	<0,670	<0,304	<0,028	<0,443	<0,874	<5,312	<1,718	<0,055	<8,81	<0,010	0,803	112,9	0,202
Ufsarlón 08 – 10	1,29	0,242	0,083	0,096	0,046	2,269	0,248	<0,024	0,244	0,435	2,59	<1,09	<0,048	<12,9	<0,010	3,88	57,6	0,131
Brú 07 – 10	0,856	0,611	0,250	0,027	<0,025	<0,798	0,239	<0,019	0,345	2,02	5,31	1,93	<0,048	<3,91	<0,010	3,18	56,9	0,269
Brú 00 – 03	0,707	0,193	0,232	0,029	0,018	<0,490	0,235	<0,168	0,178	1,89	4,63	4,33	0,055	4,04	<0,011	3,24	18,9	0,256
Hjarðarhagi 07 – 12	0,712	1,602	0,232	0,065	0,086	<0,685	0,411	<0,020	0,446	2,42	8,39	2,20	<0,053	<10,5	<0,011	2,81	58,3	0,152
Hjarðarhagi 98 – 03	0,657	0,201	0,217	0,047	0,034	<0,435	<0,248	<0,042	0,264	2,03	6,64	8,82	<0,117	8,72	<0,011	2,73	17,8	0,212
Hóll 07 -12	0,577	1,569	0,246	0,101	0,110	<1,00	0,408	<0,020	0,474	1,38	6,58	2,03	<0,055	<8,37	<0,010	4,02	73,3	0,065
Hóll 98 -03	0,398	0,257	0,198	0,103	0,092	<1,05	0,327	<0,031	0,257	<1,04	5,27	4,01	<0,083	<7,20	<0,011	4,97	21,6	0,108
Útfallssk. 07 – 12	1,53	0,524	0,135	0,028	<0,014	<0,950	0,222	<0,019	<0,324	1,09	3,85	1,57	<0,053	<7,57	<0,010	2,05	86,5	0,187
Fellsá 07 - 12	0,159	0,183	0,134	0,005	0,038	<0,684	0,188	<0,022	<0,142	<0,792	4,51	<1,25	<0,052	<8,60	<0,010	<0,568	8,61	0,025
Fellsá 98 - 03	0,150	0,107	0,165	0,005	0,033	<0,423	0,216	<0,030	<0,113	<0,868	5,36	3,74	<0,094	<8,09	<0,012	<0,61	4,0	0,032
Lagarfoss 07 – 12	0,651	0,370	0,171	0,027	0,023	<0,707	<0,219	<0,033	0,265	1,56	5,31	1,71	<0,052	9,9	<0,010	1,60	59,5	0,104
Lagarfoss 98 – 03	0,660	0,374	0,154	0,027	0,022	<0,695	<0,244	<0,026	0,265	1,13	5,40	1,71	<0,051	10,0	<0,011	1,61	61,1	0,098
Heimsmeðaltal	1,85	0,716		1,85	0,716												209	



Tafla 2. Árlegur framburður vaktaðra vatnsfalla á Austurlandi (tonn/ár) á árunum 2007 - 2012

Vatnsfall	Langtímameðal- rennsli m <sup>3</sup> /s	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	CO <sub>2</sub>	SO <sub>4</sub> ICP-AES	SO <sub>4</sub> IC	Cl	F	TDS mælt	TDS reiknað	DOC	POC
Hjarðarhagi 07-12	57	22929	8534	628	10329	3741	46661	2078	2012	2950	93	97966	114693	1102	8557
Hjarðarhagi 98-02	145	29395	15921	879	17754	4166	78370	4524	4663	5480	175	198496	189699	1748	22144
Hóll 08-11	23,3	7197	2412	248	5415	1218	18057	1834	1545	953	33	37565	43772	416	4924
Hóll 98-03	34	6583	2827	200	1083	1168	22641	2860	2878	1246	46	44485	52468	370	8142
Útfallssk.07-12	112	21952	11496	556	14834	1618	50390	5262	4744	3201	112	147952	127124	2618	17272
Fellsá 07-12	8,3	2510	543	47	633	285	2715	176	133	516	4,95	7907	8375	132	396
Fellsá 98-03	7,56	1531	419	29	441	197	2174	129	117	425	3,41	5179	6224	52	693
Lagarfoss 07-12	220	65660	22829	1796	35686	7845	122539	11269	11625	14161	226	292064	325524	3871	38516
Lagarfoss 98-03	114	31110	10849	720	18473	5492	68499	6432	6776	9712	114	134888	177038	1231	1080

Vatnsfall	PON	Svifaur	P	PO <sub>4</sub> -P	NO <sub>3</sub> -N	NO <sub>2</sub> -N	NH <sub>4</sub> -N	N <sub>total</sub>	Al	Fe	B	Mn	Sr
Hjarðarhagi 07-12	<1518	167723	18,2	<16,4	35,6	1,2	34,6	112	36,7	150,8	3,29	6,70	8,91
Hjarðarhagi 98-02	<2662	2581741	64,0	73,5	129	4,5	<36,4	278	86,6	52,1	6,25	12,2	8,4
Hóll 08-11	<656	113494	6,77	3,17	20,14	0,581	<12,93	47,2	12,7	37,1	1,26	4,92	4,78
Hóll 98-03	<699	501789	11,0	<11,5	28,8	<1,11	<10,8	39,5	13,7	14,9	2,85	6,62	5,76
Útfallssk.07-12	<2215	868414	61,9	46,2	158	<2,34	55,5	198	146	102,3	5,103	5,411	3,840
Fellsá 07-12	<32,7	3481	0,36	<0,96	3,24	<0,16	4,45	10,73	1,31	3,63	0,38	0,11	0,76
Fellsá 98-03	<67,4	4356	1,45	<0,83	4,93	<0,18	1,16	11,2	1,02	2,12	0,474	0,145	0,520
Lagarfoss 07-12	<4234	709561	74	53	187	<3,7	135,3	403	126	145,9	11,7	8,6	13,3
Lagarfoss 98-03	103	73106	17	<23	73	2,92	46,4	161	22,2	25,1	7,9	5,2	16,8

Vatnsfall	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V	Pungmálmar
Hjarðarhagi 07-12	<0,097	<0,079	<0,010	0,044	0,143	0,786	0,222	<0,020	<1,06	<0,004	0,29	4,57	0,097	<7,3
Hjarðarhagi 98-02	<0,105	<0,308	<0,026	0,069	0,33	1,65	1,44	<0,090	2,25	<0,010	0,59	3,54		<6,84
Hóll 08-11	<0,076	0,028	<0,003	0,017	0,042	0,227	0,081	<0,008	<0,38	<0,001	0,21	3,00	2,75	<4,1
Hóll 98-03	<0,081	0,067	0,004	<0,017	<0,050	0,298	0,264	<0,019	<0,52	<0,002	0,276	1,32		<3,78
Útfallssk.07-12	<0,229	<0,106	<0,016	0,062	0,201	0,863	<0,301	<0,036	<1,482	<0,007	0,675	14,548	33,2	<18,5
Fellsá 07-12	<0,013	0,007	<0,001	<0,002	<0,015	0,063	<0,018	<0,003	<0,133	<0,001	<0,013	0,145	0,280	<0,41
Fellsá 98-03	<0,006	0,012	<0,001	<0,002	<0,010	0,061	<0,072	<0,005	<0,172	<0,001	<0,006	0,053	0,291	<0,37
Lagarfoss 07-12	<0,360	<0,241	<0,041	0,111	0,48	2,45	0,74	<0,073	<5,94	<0,014	1,05	20,19	32,8	<31,7
Lagarfoss 98-03	<0,177	0,12	<0,018	0,044	0,18	1,52	1,15	0,063	2,12	<0,008	0,42	2,46	6,0	<8,40

Stráumvötn á Austurlandi

Tafla 3a. Styrkur uppleystra aðalefna, lífræns kolefnis, lífræns niturs í vöktuðum ám Austurlandi 2012.

Sýna númer	Vatnsfall	Dags.	Kl.	Rennsli m <sup>3</sup> /sek	Vatns- hiti °C	Loft- hiti °C	pH	T °C (pH og leiðni)	Leiðni µS/sm	SiO <sub>2</sub> mM	Na mM	K mM	Ca mM	Mg mM	Alk (a) meq/kg	DIC mM	SO <sub>4</sub> mM ICP-AES	SO <sub>4</sub> mM I.C.	Cl mM I.C.	F µM I.C.	Hleðslu- jafnvægi	Skekkja %	TDS mg/l mælt	TDS mg/kg reiknað	DOC mM	POC µg/kg	PON µg/kg	C/N mól
12A001	Útfall *	8.3.2012	09:50	119	1,0	-0,4	7,81	20,1		0,110	0,150	0,0024	0,113	0,022	0,327	0,327	0,0157	0,0153	0,033	1,83	0,03	3,5	39	37	0,084	613	59,7	12
12A002	Fellsá	8.3.2012	11:10	6,93	0,0	2,1	7,52	18,9		0,155	0,115	0,0033	0,071	0,051	0,211	0,211	<0,009	0,0069	0,098	0,92	0,04	5,7	35	33	0,073	159	<6,4	29,2
12A003*	Lagarfoss	8.3.2012	13:10	90	0,1	1,9	7,63	18,3		0,202	0,373	0,0037	0,108	0,063	0,375	0,375	0,0247	0,0153	0,062	1,80	0,25	20,9	62	53	0,242	401	39,0	12
12A004	Jökulsá á Dal	8.3.2012	16:00	18,4	0,1	1,9	7,95	19,2		0,341	0,311	0,0102	0,234	0,168	0,955	0,952	0,0178	0,0167	0,082	3,97	0,05	2,3	73	103	0,106	210	<8,9	27,5
12A005	Jökulsá á Dal	17.4.2012	10:00	20,8	1,9	-0,2	7,86	21,9	98,4	0,350	0,329	0,0112	0,222	0,159	0,939	0,936	0,0188	0,0187	0,062	4,44	0,06	2,8	71	102	0,086	253	18,7	15,8
12A006	Lagarfoss	17.4.2012	12:00	198	1,8	1,7	7,56	21,9	48,7	0,157	0,152	0,0034	0,135	0,049	0,398	0,397	0,0154	0,0158	0,053	1,87	0,04	3,8	34	47	0,060	530	69,3	8,93
12A007	Útfall *	17.4.2012	14:30	115	1,1	1,5	7,62	21,8	39,9	0,114	0,153	0,0027	0,109	0,022	0,325	0,324	0,0141	0,0138	0,029	1,97	0,03	4,2	41	37	0,052	353	35,7	11,5
12A008	Fellsá	17.4.2012	15:50	2,22	1,1	0,8	7,39	21,9	36,6	0,196	0,108	0,0037	0,079	0,057	0,291	0,290	<0,009	0,0058	0,052	1,15	0,03	3,8	31	39	0,062	254	12,2	24,3
12A009	Jökulsá á Dal	6.6.2012	14:30	17,9	6,2	7,2	7,88	20,2	90,2	0,336	0,331	0,0104	0,194	0,129	0,847	0,845	0,0185	0,0186	0,054	5,02	0,04	2,3	62	94	0,052	193	15,8	14,2
12A010	Lagarfoss	6.6.2012	16:20	247	5,6	4,8	7,57	20,1	47,9	0,150	0,144	0,0035	0,128	0,048	0,386	0,386	0,0147	0,0154	0,048	1,85	0,03	3,3	36	45	0,029	572	55,6	12
12A011	Útfall *	6.6.2012	18:40	118	2,7	4,4	8,04	20	38,0	0,114	0,171	0,0023	0,099	0,019	0,324	0,323	0,0128	0,0134	0,028	2,12	0,03	3,7	37	37	0,019	460	57,4	9,36
12A012	Fellsá	6.6.2012	20:00	6,42	3,6	3,7	7,24	20,2	17,5	0,136	0,071	0,0024	0,047	0,034	0,173	0,173	<0,009	0,0035	0,026	0,94	0,03	6,4	22	24	0,022	164	<6,0	31,7
12A013	Jökulsá á Dal	4.7.2012	10:15	11,5	12,3	17,3	8,14	22,3		0,360	0,403	0,0130	0,229	0,151	1,008	1,002	0,0241	0,0229	0,058	5,95	0,06	2,6	79	109	0,071	240	19,5	14,3
12A014	Lagarfoss	4.7.2012	12:30	207	11,1	18,5	7,74	22,1		0,142	0,143	0,0042	0,123	0,042	0,361	0,360	0,0157	0,0155	0,042	1,96	0,04	4,6	38	43	0,047	311	32,3	11,2
12A015	Útfall *	4.7.2012	15:10	118	3,8	18,5	8,52	21,9		0,106	0,165	0,0022	0,092	0,016	0,293	0,289	0,0131	0,0125	0,023	1,90	0,04	5,5	38,5	34	0,038	366	31,8	13,4
12A016	Fellsá	4.7.2012	17:10	3,63	10,4	12,1	7,45	22,3		0,132	0,078	0,0027	0,043	0,031	0,164	0,164	<0,009	0,0034	0,021	1,06	0,04	8,8	14	23	0,032	156	9,8	18,6
12A017	Hálslón 93 m	4.9.2012	17:35				7,5	20,7	26,7	0,069	0,109	0,0021	0,070	0,010	0,224	0,224	0,0075	0,0071	0,015	1,01	0,02	3,0		24	0,017			
12A018	Hálslón 158 m	4.9.2012	18:25		2,9		7,81	20,7	26,1	0,072	0,112	0,0027	0,071	0,010	0,226	0,226	0,0077	0,0067	0,015	0,98	0,02	3,8		25	0,019			
12A019	Hálslón 149 m	4.9.2012	18:55		3,3		7,77	20,1	25,5	0,070	0,109	0,0029	0,072	0,010	0,222	0,221	0,0067	0,0064	0,014	0,95	0,03	5,0		24	0,019			
12A020	Hálslón 37 m	4.9.2012	19:45		3,6		7,35	20,1	28,5	0,073	0,111	0,0020	0,076	0,011	0,231	0,231	0,0077	0,0069	0,015	0,98	0,03	4,6		25	0,026			
12A021	Útfall *	5.9.2012	13:00	117	3,8	12,7	7,52	20,2	28,3	0,076	0,121	0,0025	0,072	0,012	0,239	0,239	0,0086	0,0078	0,019	1,14	0,02	2,8	33	26	0,013	775	125,8	7,19
12A022	Fellsá	5.9.2012	14:20	3,75	5,2	11,4	7,39	20,5	37,1	0,200	0,114	0,0040	0,080	0,059	0,349	0,348	<0,009	0,0047	0,032	0,89	0,01	0,7	36	42	0,063	228	13,1	20,3
12A023	Jökulsá á Dal	5.9.2012	17:30	141	5,2	11,8	7,6	20,5	42,1	0,121	0,159	0,0035	0,105	0,033	0,386	0,385	0,0100	0,0093	0,023	1,66	0,01	1,1	32,5	41	0,033	351	<18,5	22,2
12A024	Lagarfoss	6.9.2012	09:20	164	6,2	7,8	7,51	20,5		0,131	0,138	0,0036	0,127	0,037	0,384	0,384	0,0165	0,0161	0,033	1,58	0,02	1,9	33	43	0,022	271	26,9	11,8
12A025	Útfall *	25.9.2012	10:15	111	3,4	4,8	7,5	20,8	29,2	0,080	0,125	0,0021	0,078	0,013	0,260	0,259	0,0090	0,0054	0,020	1,18	0,02	2,8	13	28	0,012	207	18,2	13,2
12A026	Fellsá	25.9.2012	11:30	9,3	3,6	5,2	7,4	20,5	32,3	0,192	0,096	0,0028	0,066	0,051	0,343	0,342	<0,009	0,0046	0,033	0,80	0,05	7,6	33	40	0,025	167	5,4	35,8
12A027	Jökulsá á Dal	25.9.2012	14:10	32,3	5,1	5,9	7,78	20,3	91,4	0,345	0,289	0,0095	0,216	0,165	0,981	0,979	0,0126	0,0136	0,053	3,95	0,01	0,3	55	102	0,072	310	25,9	14
12A028	Lagarfoss	25.9.2012	15:45	294			7,52	20,2	41,7	0,136	0,131	0,0040	0,108	0,035	0,403	0,403	0,0143	0,0152	0,039	1,36	0,05	5,8	17	44	0,025	280	25,3	12,9
12A029	Útfall *	30.10.2012	10:00	104	2,3	-2,1	7,33	21,3	37,6	0,097	0,125	0,0022	0,099	0,019	0,294	0,294	0,0155	0,0147	0,017	1,37	0,02	3,0	35	33				
12A030	Fellsá	30.10.2012	11:30	1,33	0,0	-2,2	7,51	21,2	43,7	0,233	0,123	0,0035	0,097	0,072	0,375	0,374	0,0064	0,0058	0,039	0,94	0,04	4,1	37	47				
